

# Tímarit VM



VÉLFRÆÐINGURNINN • 1. tölublað • 5. árgangur • mars 2011 • Félag vélstjóra og máltæknimanna



ÁRSSKÝRSLA 2010



**Tímarit VM**  
 Útgefandi: VM  
 Ritstjóri: Sigurjón M. Egilsson  
 Prentun: Prentsmiðjan Litróf

**VM - Félag vélstjóra og málmteknimanna**

Stórhöfða 25  
 110 Reykjavík  
 Sími: 575 9800  
 Fax: 575 9809  
 Heimasíða: www.vm.is  
 Netfang: vm@vm.is  
 Skiptiborðið er opið:  
 mánudaga til miðvikudag frá kl. 9-16  
 og föstudaga frá kl. 9-15  
 Skrifstofan er opin mánudaga -  
 fimmtudag frá kl. 8-16  
 og föstudaga frá kl. 8-15

**Stjórn VM skipa:**  
 Guðmundur Ragnarsson, formaður  
 Samúel Ingvason, varaformaður

Heimir V. Pálmason  
 Guðmundur Helgi Þórarinnsson  
 Andrés Bjarnason  
 Jón Jóhannsson  
 Guðmundur Sigurvinsson  
 Sævar Örn Kristjánsson  
 Friðrik Björgvinsson



**6**  
**Sterk staða málmíðnaðarins**  
 Félag málmíðnaðarmanna Akureyri varð 70 ára í febrúar, en félagið var stofnað 23. febrúar 1941. Félagssvæði þess er Akureyri, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit og aðrir hreppar Eyjafjarðarsýslu, einnig Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.



**17**



**21**  
**Ársskýrsla 2010**  
 Efni skýrslunnar er flokkað eftir helstu málefnum og stiklað á stóru í máli og myndum frá síðasta aðalfundi sem haldinn var á Grand Hótel Reykjavík þann 20. mars 2010 fram að aðalfundi 26. mars 2011.



**12**  
**Undirboð og kennitöluflakk**  
 Alþýðusamband Íslands og fleiri hagsmunasamtök í landinu hafa unanfarin misseri margsinnis varað við afleiðingum stórfelldra undirboða og kennitöluflakks í atvinnulífinu.


**GOLFMÓT VM**

**VERÐUR HALDIÐ Á KEILISVELLINUM, FÖSTUD. 3. JÚNÍ. FYRSTI RÁSTÍMI ER KL. 10.**

**VEIÐI- OG ÚTLEGUKORTIÐ 2011**

Félagsmenn geta nú fengið kortin á skrifstofu VM á sama verði og í fyrra. (Útilegukortið á 8.500 kr. og veiðikortið á 3.000 kr.)



VM ▶ Stórhöfða 25 ▶ 110 Reykjavík ▶ sími 575 9800 ▶ www.vm.is

## Pistill formanns

Stjórn félagsins ákvað að setja útgáfu Tímarits VM út af skrifstofu félagsins og gerði samning við útgáfufélagið Gogg ehf. um útgáfuna. Stjórnin taldi að tími væri kominn til að hressa upp á útgáfuna og reyna að fara inn á nýjar leiðir í að nálgast um fjöllum um málefni félagsmanna og starfsumhverfi þeirra. VM bindur miklar vonir við samstarfið og vonandi mun takast vel til hjá okkur að koma umfjöllun tímaritsins inn á nýjar leiðir. Ársskýrsla félagsins er inn í blaðinu eins og á síðasta ári.

Undanfarin ár hefur rekstrarumhverfi fyrir-tækja hér á landi verið að færast í auknum mæli í það horf að tilboð sem gerð eru í útboðsverkefni eru komin á plan, sem ekki getur talist eðlilegt viðskiptasiðferði og þjóðhagslega skadlegt. Menn hika ekki við að vera í rekstri þar sem þeir undirbjóða útboðsverkefni það mikið niður frá áætluðum kostnaði, að eina leiðin til að geta framkvæmt verkið er að keyra launin niður og síðan þegar allt er komið í þrot að skipta um kennitölu. Sumir gera þetta meðvitað og ætla aldrei að greiða lögboðin gjöld af sínum starfsmönnum eða skatta til samfélagsins. Þeir aðilar sem eru að bjóða verkin út og taka tilboðunum, ríkið, sveitarfélög, álverin, verkfræðistofur og fleiri aðilar, bera ekki síður ábyrgð á þessu svínari. Þau eru meðvituð um og hafa kostnaðaráætlanir til að átta sig á því hvort tilboðin séu raunhæf eða ekki, en samt eru þau að taka tilboðum sem þau vita að verða ekki framkvæmd nema eftir þeim aðferðum sem á undan eru nefndar. Sum af þessum fyrirtækjum varpa síðan fram umræðu í fjölmiðlum um sig, hvað þau eru samfélagslega ábyrgð.

Á þessum vettvangi er komin nýr flötur á kjarabaráttu og verkefni fyrir félag eins og VM að beita sér á fullu, rannsaka og fá gott fjölmiðlafólk til að hjálpa við að fjalla um þessi mál og fletta ofan af þeim fyrirtækjum sem eru að stunda þetta.

Alvöru fyrirtæki sem eru að borga góð laun, skatta og skyldur af sínum starfsmönnum geta ekki keppt við þessi skyndifyrirtæki sem eru eingöngu stofnuð til að ná út gróða fyrir eigendur sína. Alvöru fyrirtæki sem ætla að vera lengur til en eitt útboðsverk, geta ekki byggt sig upp til framtíðar, tækjavætt sig og þróa til að auka getu sína. Með því að hafa þessi skyndifyrirtæki starfandi sem keyra allt niður, bæði útselda vinnu og laun. Ef við getum beitt okkur af krafti og kallað eftir ábyrgð þeirra sem eru að setja verk í útboð og losað okkur við undirboðin, þá myndum við um leið hækka gólfíð á þeim lágmarkslaunum sem verið er að greiða okkar félagsmönnum. Hér er kominn nýr flötur á kjarabaráttuna sem getur skilað miklu. Einnig getum við beitt okkur, verði ekki breyting á verðlagningu á fiski í komandi kjarasamningum við LÍÚ. Taka það fyrir í blaðinu og fletta ofan af svindlinu t.d. í verðlagningu á uppsjávarfiski og einnig þar sem fiskur sem er keyptur í beinni sölu og gerður þannig upp við áhöfnina, fer síðan á markað og útgerðin hirðir mismuninn.



Hún er undarleg sú reynsla sem ég hef fengið að kynnast varðandi kjarasamninga okkar félagsmanna sem starfa í landi, síðan ég varð formaður VM. Það kjarasamningaumhverfi sem ég hafði kynnst, var að gera samning beint við LÍÚ þar sem atvinnurekendur í sjávarútvegi eru beintengdir inn í gerð kjarasamninga og hafa um það að segja hvernig við höfum náð að lenda þeim kjarasamningum. Oft hefur verið tekist á og það hafa verið verkföll, en það hafa líka farið saman sameiginlegir hagsmunir á ýmsum sviðum og saman hafa atvinnurekendur í sjávarútvegi og sjómenn komist

þokkalega frá sambúðinni. Við gerð kjarasamninga í landi, blasir hinsvegar við mér nýr heimur þar sem miðstýringin er orðin þvílík að ef þessari miðstýringu hefði verið komið á í Sovétríkjunum sálugu þá væri kommúnisminn ekki hruninn þar enn. Gerist fyrirtæki aðili að Samtökum atvinnulífsins afsalar það sér öllum rétti til að gera kjarasamninga eða breyta kjörnum hjá sinni atvinnugrein. Sameiginleg launastefna ASÍ virðist vera komin í þessa sæng með SA og vill miðstýra öllum launahækkunum, ef einhver vill setja fram sérkröfur þá á SA að sjá um að reka viðkomandi félag eða stétt í réttina aftur. Verði þetta ekki brotið upp er komin upp sú staða, sem VM mun ekki sætta sig við, að það er búið að fastsetja laun allra stétta út öldina, sem er rétt að byrja. Eðlilega hlýtur að þurfa að vera ákveðið svigrúm til að breyta launahlutfalli og verðlagningu starfstétta í hagkerfinu og það hlýtur að þurfa að vera á samningsborði fyrirtækja og þeirra sem mennta sig í ákveðin störf að verðleggja sig rétt. Kostnaðarauki fyrirtækja við að gera betur við launafólk í sínum greinum hlýtur alltaf að vera breytilegur á mismunandi tímum og þá þurfa viðkomandi greinar að geta laðað að sér fólk með bættum kjörum. VM reyndi að fara framhjá SA með viðræðum við Mál samtök fyrirtækja í mál- og skipaðnaði um að gera ákveðnar breytingar á kjörum þeirra sem hjá þessum fyrirtækjum starfa. Þessi tilraun var svæfð af SA á forsendum miðstýringarinnar. Þar er að mínu viti orðin full þörf á að senda sterk skilaboð um bætt kjör í þessum greinum, vegna þess að með hverju árinu fækkar þeim sem mennta sig í þessum starfsgreinum.

Það verður litlu breytt við gerð komandi kjarasamninga, nema einhver stéttarfélag felli samninginn. Við hjá VM þurfum að endurmeta okkar stöðu og taka alvarlega umræðu um hvernig við ætlum að koma með vél- og málmæknina að kjarasamningum í framtíðinni, þegar væntanlegum kjarasamningi líkur. Ef ekki næst að snúa þessari þróun við þarf ekki nema nokkra aðila frá ASÍ og lögfræðinga SA til að ganga frá heildarkjarasamningum allra launþega innan ASÍ.

Þessari öfugþróun verður að snúa við.

Kv. Guðmundur Ragnarsson, formaður VM.

Samstarfssamningur við Félag málmíðnaðarmanna Akureyri:

## Stefnt að auknu samstarfi félaganna

Formennirnir Guðmundur P. Ragnarsson og Hákonar Hákonarson hafa undirritað samstarfssamning milli Félags vélstjóra og málmæknimanna og Félags málmíðnaðarmanna á Akureyri. Samkvæmt honum tekur Félag málmíðnaðarmanna Akureyri að sér rekstur skrifstofu VM á Akureyri, en VM þjónustar félagsmenn FMA á skrifstofu félagsins í Reykjavík. Einnig er ákvæði um að félagsmenn VM og FMA hafi aðgang að orlofsaðstöðu félaganna, sem útfærast eftir nánari samkomulagi. Stefnt er að auknu samstarfi á sviði sameiginlegrar hagsmunagæslu og faglegar þróunar og einnig er í samningnum ákvæði um að félögin geri með sér samstarfssamning um gagnkvæma þjónustu við félagsmenn varðandi upplýsingagjöf og aðgengi að útgefnu efni.

Í félaginu á Akureyri eru um fjögurhundruð félagar. Hákon segir að félagið þoli flestan samanburð við stærri stéttarfélag hvað þjónustu og almenna starfsemi varðar. Hann segir að staða málmíðnaðarfyrirtækja á starfssvæðinu sé almennt góð.

Skrifstofa FMA er til húsa í Alþýðuhúsinu, sem er í miðbæ Akureyrar og skrifstofa VM er að Stórhöfða 25 í Reykjavík.

### Frá undirritun samningsins

Guðmundur Ragnarsson og Hákonar Hákonarson með samninginn um samstarf félaganna. Það verður ítarlegri í framtíðinni, og mun meðal annars ná yfir orlofsshús félaganna, sameiginlega hagsmunagæslu og faglegar þróunar.



# Tækifæri til framtíðar

Margt ungt fólk á samleið með Norðuráli, fyrst í gegnum vel launuð sumarstörf, síðar við varanleg störf í krafti menntunar og reynslu.

Hjá okkur starfa vélstjórar, rafvirkjar, rafsuðumenn og fleiri iðnaðarmenn, sem ásamt fjölda annarra starfsmanna gegna mikilvægu hlutverki við hátæknistörf, sérhæfð framleiðslustörf og skrifstofu- og þjónustustörf.

Þá eru ótaldir verkfræðingar, viðskiptafræðingar, efnifræðingar, tölvunarfræðingar, sálfræðingar og fleiri sérfræðingar með háskólamenntun.

Norðurál skapar öllu þessu fólk áhugaverð tækifæri. Það skapar sér og samfélaginu öflugari framtíð.



Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri 70 ára:

# Sterk staða málmíðnaðarins

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri varð 70 ára í febrúar, en félagið var stofnað 23.febrúar 1941. Félagssvæði þess er Akureyri, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit og aðrir hreppar Eyjafjarðarsýslu, einnig Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.

Félagið er málssvari fyrir alla málmíðnaðarmenn þar með talda bílaviðgerðarmenn á félagssvæðinu og vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, svo sem með því að semja um kaup og kjör, bættan aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á rétt þeirra.

Þá vinnur félagið að ýmsum öðrum málum til að veita félagsmönnum sem víðtækasta þjónustu eins og að bjóða upp á orlofsshúis eða íbúðir á hagstæðum kjörum, veita styrki til endurmenntunar sem sífellt er að aukast í nútíma þjóðfélagi. Félagið

er aðili að Iðunni-fræðslusetri. Þá rekur félagið öflugan sjúkrasjóð fyrir félagsmenn. Iðnaðarblaðið ræddi við formann FMA, Hákon Hákonarson í tilefni afmælisins, en hann hefur verið formaður í þrjá áratugi.

Í Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri eru hátt í fjögurhundruð félagar. Hákon segir að félagið þoli flestan samanburð við stærri stéttarfélög hvað þjónustu og almenna starfsemi varðar. Hann segir að staða málmíðnaðarfyrirtækja á starfssvæðinu sé almennt góð.

„Verkefnastaða bifreiðaverkstæðanna er t.d. miklu betri en menn þorðu að vona, svo ég nefni sem dæmi. Þegar hraðinn í þjóðfélaginu var sem mestur og uppsveifla á öllum sviðum keyptu menn helst nýja bíla, en nú er farið með þá á verkstæði og reynt að gera við ef bilunar verður vart. Málmíðnaðarfyrir-



**Hákon Hákonarson**

„Stéttarfélögin standa næst fólkinu í landinu af öllum félagasamtökum og stofnunum landsins. Á því er enginn vafi í mínum huga.“

þar til sögunnar fyrirtæki eins og Becromal. Margt fleira er í þíunum eins og bygging orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslu, jarðgöng í gegn um Vaðalheiði og fleira mætti nefna. Allt kallar þetta á málmíðnaðarmenn eins og menn vita. Þannig að heilt yfir þá tel ég að staða málmíðnaðarins sé sterk hér fyrir norðan um þessar mundir. Þetta er auðvitað mikið gleðiefni, því erfiðleikar hafa gert vart við sig svo víða í þjóðfélaginu í kjölfar bankahrunsins.“

Hákon segir að norðlensk málmíðnaðarfyrirtæki hafi síður en svo fækkað starfsfólki, frekar vanti vinnufúsar hendur til starfa. Og hann er bjartsýnn á framtíðina.

„Hér eru framsækin farsæl og vel rekin fyrirtæki sem hafa trú á framtíðinni. Einnig öflugar mennta- og heilbrigðisstofnanir sem veita fyrsta flokks þjónusta á sínum sviðum. Allt spilar þetta saman, þegar staðan er metin.“

## Stóraukin áhersla á fræðslumál

Hákon segir að þörf sé fyrir stéttarfélög, þau gegni afar mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu og starfi þvert á alla stjórnsmálaflokka.

„Stéttarfélögin standa næst fólkinu í landinu af öllum félagasamtökum og stofnunum landsins. Á því er enginn vafi í mínum huga. Margt hefur tekið breytingum í þjóðfélaginu á undanförunum árum og tel ég að stéttarfélögin í landinu hafi tekið sig verulega á og reynt af fremsta megni að laga sig og sína starfsemi að breyttum kröfum um þjónustu. Margt mætti nefna eins frumkvæði ASÍ félaganna til að laða stjórnvöld og vinnuveitendur til samstarfs til bjargar atvinnumálum og raunar þjóðarhag, þegar allt stefndi í ógöngur fyrir tveimur árum síðan, eina ferðina enn. Þá vil ég nefna stóraukið átak í fræðslustarfsemi á vegum stéttarfélaganna. Á tækniöld eru breytingarnar svo örur að sí- og endurmenntun er öllum nauðsynleg. Þetta litla félag, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, lagði í fyrri tugi milljóna króna í sérhæft kennsluhúsnæði á Akureyri sem Verkmenntaskólinn á Akureyri nýtir. Staðan var sú að bifvélavirkjun hafði ekki verið kennd fyrir norðan í mörg ár, með tilheyrandi vandræðum. Með tilkomu þessa nýja húsnæðis var hægt að taka upp þráðinn á nýjan leik við kennslu í bifvélavirkjun á Norðurlandi. Við erum stoltir af þessu framtaki, sem auðvitað kemur öllu samfélaginu til góða. Þetta sýnir glögglega hversu ríka áherslu við leggjum á menntamál.“

## Karlafélag

„Já já, þetta er sannkallað karlafélag. Nokkrar konur starfa nú samt í málmíðnaði, þannig að það lítur út fyrir betri tíma hvað þetta varðar. Auðvitað er farsælast að bæði kynin starfi í málmíðnaði, rétt eins og í öðrum greinum, það mundi bara bæta samfélagið. Það segir sig sjálf.“



**Málmíðnaðarfyrirtæki standast betur erlenda samkeppni í dag vegna stöðu krónunnar og síðast en ekki síst skynja ég aukinn áhuga á að skipta við innlend fyrirtæki, jafnvel einskonar vakningu.**

tæki standast betur erlenda samkeppni í dag vegna stöðu krónunnar og síðast en ekki síst skynja ég aukinn áhuga á að skipta við innlend fyrirtæki, jafnvel einskonar vakningu. Fyrirtæki sem sinna skipaflotanum standa verkefnalega vel og gætu raunar staðið miklu betur ef óvissunni um fiskveiðistjórnunina væri eytt. Á starfssvæðinu hefur verið nokkur uppbygging og nefni ég

# Bakvaktir og fjareftirlit

Þó eðli vélstjórnarstarfa hafi breyst hefur verkefnið ætíð verið það sama - að hámarka hagkvæmni og tryggja rekstraröryggi vélbúnaðar og kerfa. Áður þurftu menn að vakta vélkerfi allan sólarhringinn en með tilkomu tölvustýrðra eftirlits- og stýrikerfa minnkar þörf fyrir mannað eftirlit.

Vegna aukinna krafna um rekstraröryggi verður þekking og þjálfun í réttum viðbrögðum við bilunum og rekstrartruflunum mikilvægari. Þegar skipum fækkar og þau verða afkastameiri hafa ótímabær stopp vegna bilana alvarlegri afleiðingar en áður og virkjun sem framleiðir ekki rafmagn aflar eiganda sinum ekki tekna. Með þessum breytingum verður eftirlit sem byggir á upplýsingasöfnun um ástand búnaðar og fyrirbyggjandi viðhald megininntak vélstjórnarstarfa.

Vinnufyrirkomulag í virkjunum hefur þróast í takt með tækniþróuninni. Vaktkerfi hjá orkufyrirtækjum hafa þróast frá sólarhringskerfum í kerfi sem eru blanda af dag- og kvöld- og/eða næturvöktum og bakvöktum. Viðurkennt er að þessi þróun, frá hreinni vaktavinnu til blandaðra kerfa, sé jákvæð og stuðli að vinnutímaskilum sem eru líkari þeim hjá dagvinnufólki, að undarteknum bakvöktunum.

Önnur hlið á þessari þróun er laun og kostnaður. Þróunin gefur fyrirtækjunum nánast ótakmarkaða möguleika til að lækka launakostnað. Þau hafa fækkað mannskap og geta útfært vaktkerfi þannig að vaktir falla á ódýrasta tíma sólarhringsins og bakvaktir. Launakerfin byggjast á viðveru og vaktaálögum.

Við undirbúning kjaraviðræðna skoðaði VM þetta vinnufyrirkomulag og sérstaklega bakvaktirnar. Algengt er að menn taki þriðjung af dagvinnulaunum fyrir bakvaktir og það réttlætt með því að mennirnir geti verið heima. Aftur á móti hafa kröfur um viðbrögð við útköllum aukist og dæmi er um kröfur þar sem nánast var ætlast til að mennirnir svæfu í fötunum svo þeir ættu möguleika á að uppfylla kröfur um viðbragðstíma. Einnig hefur fjareftirlit þróast. Það felst í eftirliti með vélbúnaði gegnum tölvu- og/eða símabúnað og möguleikum á viðbrögðum við útkalli gegnum búnaðinn. Það er okkar meining að með slíkum búnaði séu menn komnir á fulla vélstjórnarvakt og ættu að vera á fullum launum. Krafa VM er að fjareftirlit þetta verði skilgreind með sama hætti og fjarvinna er skilgreind í samkomulags ASÍ og SA um fjarvinnu.

*Þar er fjarvinna skilgreind á eftirfarandi hátt, í grein 2.*

„Fjarvinna er form hvað varðar skipulag og/eða framkvæmd vinnu með notkun upplýsingatækni innan ramma ráðningarsamnings eða í ráðningarsambandi þar sem vinna sem einnig



væri hægt að inna af hendi í starfsstöð vinnuveitanda er unnin reglulega utan þeirrar starfsstöðvar. Samningur þessi tekur til fjarvinnustarfsmanna. Fjarvinnustarfsmaður er hver sá sem vinnur fjarvinnu eins og hún er skilgreind hér að ofan.“

*4. grein samkomulagsins er um ráðningarkjör*

„Fjarvinnustarfsmenn skulu njóta sömu réttinda og samþæfðum starfsmönnum í starfsstöð vinnuveitanda eru tryggð samkvæmt lögum og kjarasamningum. Hins vegar kann, til að taka tillit til sérstöðu fjarvinnunnar, að vera nauðsynlegt að gera viðbótar kjar- og/eða einstaklingsbundna samninga“.

Þó þarna sé talað um viðbótar kjar- og/eða einstaklingsbundna samninga má ætla að að viðkomandi eigi ekki að lækka í launum.

*Kveðja*

Halldór Arnar Guðmundsson  
forstöðumaður kjar- og menntasviðs VM

## UMSÓKN UM ORLOFSHÚS OG - ÍBÚÐIR VM



Nafn		Kennitala	
Heimili	Póstnr.	Vinnustaður	
Heimasími	Vinnusími	GSM	Netfang

**Gefinn er kostur á 3 valmöguleikum fyrir staði, tímabil og vika að eigin vali. Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost, 2 sem annan valkost og 3 sem þriðja valkost.**

Vika nr.	NR	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12		Verð
<b>Upphafsdagar:</b>		27.maí	3.jún	10.jún	17.jún	24.jún	1.júl	8.júl	15.júl	22.júl	29.júl	5.ágú	12.ágú	19.ágú	
Ölfusborgir	10														24.850
Hraunborgir	15														18.000
Syðri-Reykir	20														24.850
Laugarvatn húsvarðarhús	24														20.700
Laugarvatn stór raðhús	25														24.850
Laugarvatn lítil raðhús	26														18.000
Laugarvatn sérhús	27														24.850
Kirkjubæjarklaustur	30														20.700
Klifabotn í Lóni	40														20.700
Einarsstaðir	50														20.700
Úlfstaðir	51														20.700
Illugastaðir	60														24.850
Furulundur íbúð Akureyri	70														22.770
Flókalundur	80														20.700
Svignaskarð	90														24.850

Upphafsd:		25.maí	1.jún	8.jún	15.jún	22.jún	29.jún	6.júl	13.júl	20.júl	27.júl	3.ágú	10.ágú	17.ágú	Verð
Reykjavík íbúð	00														26.900
Vika að eigin vali*	99	*Vika að eigin vali felur í sér að endurgreiddar eru 22.770,00 kr. gegn framvisun nótu fyrir orlofsgistingu innanlands eða utan.													

## Greiðsla ferðakostnaðar vegna aðalfundar VM

Félagsmenn búsettir utan höfuðborgarsvæðisins eiga rétt á endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna mætinga á aðalfund VM samkvæmt eftirfarandi, enda hafi þeir tilkynnt mætingu til aðalfundar a.m.k. 3 dögum fyrir fundinn.

1. Vegna flugs milli heimastaðar og Reykjavíkur er greitt flugfargjald fram og til baka.

2. Vegna aksturs fram og til baka sem er lengri en samtals 100 km. og greiðist fyrir hvern km. umfram 100 km. Greitt er samkvæmt kílómetragjaldi ferðakostnaðar ríkisins þó að hámarki 30.000 kr.

3. Gistikostnaður er greiddur fyrir þá sem þurfa gistingu og er greitt samkvæmt taxta ferðakostnaðarnefndar ríkisins. VM mun einnig semja um afslátt vegna gistingu félagsmanna.

**Umsóknarfrestur er til 29. mars. Úthlutun lýkur 31. mars.**

**Greiðslufrestur er til 18. apríl**

Úthlutað er samkvæmt punktaineign. Greitt félagsgjald fyrir hvert heilt ár veitir 12 punkta.

Við úthlutun á orlofshúsi og viku að eigin vali dragast allt að 36 punktar frá inneign.

Vetrarúthlutun skerðir ekki rétt til sumarúthlutunar.



Hróar Björnsson rekstrar- og verkefnastjóri Línuborunar:

# Undirboð og kennitölufلاك

Alþýðusamband Íslands og fleiri hagsmunasamtök í landinu hafa unanfarin misseri margsinnis varað við afleiðingum stórfelldra undirboða og kennitöluflakks í atvinnulífinu. Almenn er talið að undirboð bitni harkalega á launafólki, lítið sé hægt að lækka efniskostnað og því sé öllum brögðum beitt til að komast hjá greiðslu launa og opinberra gjalda.

Tölur Hagstofu Íslands um gjaldþrot í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sýna glögglega að margir verða fyrir fjárhagslegu tjóni á ári hverju. Árið 2008 urðu 150 fyrirtæki gjaldþrota, þau voru samtals 257 árið 2009 og í fyrra urðu 258 fyrirtæki í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð gjaldþrota. Þótt þessar tölur séu vissulega sláandi, er rétt að benda á að ástæður þess að fyrirtæki fara í þrot geta verið margvíslegar.

Hróar Björnsson rekstrar- og verkefnastjóri Línuborunar segir að víða sé pottur brotinn í rekstri fyrirtækja í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Hann segir dæmi um að fyrirtæki með enga kennitölu vinni fyrir Reykjavíkurborg.

„Þegar efnt er til útbóðs þurfa bjóðendur að uppfylla ákveðin skilyrði, það er ekki nóg að vera með lægsta tilboðið til að hreppa viðkomandi verk. Eiginfjárstaða þarf að vera jákvæð, viðkomandi fyrirtæki þurfa að vera í skilum við hið opinbera og lífeyrissjóði og hafa skilað ársreikningum, svo dæmi sé tekið.“



**Orri Hauksson**

Að mati Samtaka iðnaðarins eru óraunhæf tilboð bálvaldur fyrir jafnt verkkaupa og verktaka.



**Lilja Mósésdóttir**

Mælti fyrir frumvarpi um til að draga úr kennitölu-flakki, en frumvarpið var dregið til baka.

Mér virðist sem verkkaupar horfi um of á krónutöluna í útbóðum, en sleppi öðrum þáttum. Þetta veit auðvitað ekki á gott, það má segja að þar með sé verið að viðurkenna kennitölufلاك og vanskil, með tilheyrandi skelfilegum afleiðingum.“

## Verðum að uppræta þetta mein í viðskiptalífinu

Hróar segist hafa leitað eftir svörum hjá fjölmörgum stofnunum í stjórnsýslunni. Vandinn sé almenn viðurkenndur, en skýr svör um úrbætur séu frekar fátækleg þrátt fyrir að um gríðarlega stórar fjárhæðir sé að tefla í mörgum tilvikum.

„Fyrirtæki sem standa skil

á öllum sínum gjöldum geta einfaldlega ekki keppt við fyrirtæki sem bjóða

langt undir kostnaðaráætlun í verk og ætla sér greinilega ekki að standa við lögbundnar greiðslur. Mér sýnist að þetta sé jafnvel að aukast, miðað við ábendingar frá öðrum fyrirtækjum. Þetta er klárlega ekki rétta leiðin til að byggja upp betra Ísland. Það einfaldlega verður að uppræta þetta mein í viðskiptalífinu, það er ekki nóg að tala um vandamálið,“ segir Hróar Björnsson hjá Línuborun.

## Vill breytingar á lögum til að draga úr kennitöluflakki

Lilja Mósésdóttir VG

mælti fyrir frumvarpi á síðasta löggjafarþingi um breytingar á

**Undirboð** „Mér virðist sem verkkaupar horfi um of á krónutöluna í útbóðum, en sleppi öðrum þáttum. Þetta veit auðvitað ekki á gott, það má segja að þar með sé verið að viðurkenna kennitölufلاك og vanskil, með tilheyrandi skelfilegum afleiðingum,“ segir Hróar Björnsson.

lögum til að draga úr kennitöluflakki, en frumvarpið var dregið til baka. Lilja er formaður viðskiptanefndar Alþingis. Ásamt henni stóðu að frumvarpinu Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Þór Saari og Vigdís Hauksdóttir. Í greinargerð með frumvarpinu sagði að tilgangurinn væri að slá varnagla við því að helstu eigendur gætu í skjóli takmarkaðrar ábyrgðar orðið uppvísir að því að keyra fyrirtæki sín í þrot ítrekað. Viðskiptanefndin hefur meðal annars kynnt sér lög in í Noregi og Danmörku. Í norsku gjaldþrotalögum er ákvæði þar sem sagt er að ef aðili er uppvísir að refsiverðum verknæði þá skuli skiptastjóri vekja athygli á að viðkomandi hafi gerst brotlegur. Í kjölfarið eiga viðkomandi á hættu að verða sviptir rétti til að sitja í stjórnnum félaga. Lilja Mósésdóttir vill að sambærileg lög verði sett hér á landi. Flytji innanríkisráðherra ekki frumvarp um slíkt, muni hún sjálf gera það. Samiðn, sem er samband iðnfélaga á Íslandi, virðist á svipaðri skoðun. Í ályktun sem samþykkt var í fyrra er þess krafist að settar verði skýrar reglur um útbóð og undirverktöku. „Samiðn krefst þess að komið verði í veg fyrir kennitölufلاك. Þeir sem verða uppvísir að slíkri iðju verði útilokaðir frá fyrirtækjarekstri“, segir í ályktun Samiðnar.

## Óraunhæf tilboð bálvaldur fyrir alla

Innan Samtaka iðnaðarins eru um eittþúsund fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda.

**Framhald á næstu síðu**



Þegar efnt er til útbóðs þurfa bjóðendur að uppfylla ákveðin skilyrði, það er ekki nóg að vera með lægsta tilboðið til að hreppa viðkomandi verk. Eiginfjárstaða þarf að vera jákvæð, viðkomandi fyrirtæki þurfa að vera í skilum við hið opinbera og lífeyrissjóði og hafa skilað ársreikningum, svo dæmi sé tekið.



#### Framkvæmd

Hefur verktakinn burði til að ljúka verkinu og standa skil á kostnaði vegna aðfanga, launa og opinberra gjalda? Til að forðast að slíkt gerist setja verkkaupar verktökum skilyrði fyrir þátttöku í útbodum. Þessum skilyrðum er ætlað að forða verktökum frá að gera óraunhæf tilboð sem þeir geta ekki risið undir og verkkaupum að semja við slík fyrirteki.

Þau eru mjög ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, framleiðslu eða markaða. Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu, fyrirteki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda sem mynda samtökin eru um eittþúsund. Orri Hauksson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir að óraunhæf tilboð fylgi gjarnan samdrátti á markaði.

„Verktakar hafa mætt ört minnkandi verkefnaframboði með lægri tilboðum, auk þess sem aukinn fjöldi verktaka slæst um hvert einstakt tilboð. Hér birtast lögmálin um framboð og eftirspurn í sinni nöktustu mynd.

En er hag verkaupans endilega best borgið með því að velja þann sem býður lægst? Hefur verktakinn burði til að ljúka verkinu og standa skil á kostnaði vegna aðfanga, launa og opinberra gjalda? Til að forðast að slíkt gerist setja verkkaupar verktökum skilyrði fyrir þátttöku í útbodum. Þessum skilyrðum er ætlað að forða verktökum frá að gera óraunhæf tilboð sem þeir geta ekki risið undir og verkkaupum að semja við slík fyrirteki. Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum allt frá því í vor átt í viðræðum við opinbera verkkaupa um að endurskoða þessi skilyrði í ljósi breyttra aðstæðna. Við teljum mjög mikilvægt að vanmáttug fyrirteki reisi sér ekki hurðarás um öxl. Við ótt-

umst að eftir hrun hafi í alltof mörgum tilvikum verið samið um verk á óraunhæfum verðum sem einungis leiða til aukinna vandræða og hörmunga í mannvirkjagreinum. Til að snúa þessari þróun við höfum við á vormánuðum viðræður við verkkaupa um bætt og breytt skilyrði fyrir þátttöku í opinberum útbodum. Þessi skilyrði varða fjárhagslegt hæfi og jafnframt tæknilegt eða faglegt hæfi bjóðenda. Skilyrði fyrir þátttöku í útbóði eiga að endurspeglu umfang verksins og tæknilegt flækjustig, væntingar kaupenda um gæði framkvæmdarinnar og jafnframt getu verktakans til að skila mannvirkinu á umsómdum tíma. Að mati Samtaka iðnaðarins eru óraunhæf tilboð bölvaldur fyrir jafnt verkkaupa og verktaka og alla þá fjölmörgu sem eiga allt sitt undir að þessir tveir stundi viðskipti sín með eðlilegum hætti,” segir Orri Hauksson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

#### Kærunefnd útbodsmála

Hlutverk kærunefndar útbodsmála er að leysa með skjóttum og óhlutdrægum hætti úr kærum einstaklinga og lögaðila vegna ætlaðra brota á lögum um opinber innkaup og reglum settum samkvæmt þeim. Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og úrskurðum hennar og ákvörðunum er ekki hægt að skjóta til annarra stjórnvalda.

Þegar nýlegir úrskurðir eru skoðaðir sést að ýmsir þeirra fjalla um að opinberar stofnanir hafi ákveðið að semja við fyrirteki þrátt fyrir að skilyrði sem krafist er í viðkomandi útbóði hafi ekki verið uppfyllt, svo sem að standa skil á opinberum gjöldum. Kærunefndin kannar allar hliðar málsins og úrskurðar síðan. Hægt er að kynna sér úrskurði kærunefndarinnar á [www.rettarheimild.is](http://www.rettarheimild.is).



Í vélarrúminu Glatvarma frávélnum má nýta.

Ný íslensk rannsókn á **varmanýtingu** fiskiskipa:

## Glatvarma má nota til frystingar eða raforkuframleiðslu

Stefán Steindórsson véltækniþæðingur hjá Norðurorku og Ragnar Ásmundsson eðlisfræðingur hjá ÍSOR hafa undanfarin misseri kannað hugsanlega nýtingu á glatvarma í fiskiskipum og liggja fyrstu niðurstöður þeirra nú fyrir.

„Nýting glatvarma úr iðnaði til raforkuframleiðslu er umfangsmikil víða erlendis þar sem raforkuverð er hátt og viðkomandi ríki styðja „græna“ orkunýtingu. Hins vegar er nýtingin yfirleitt mjög takmörkuð í skipum, en glatvarmi verður til vegna brennslu í aðalvéllum. Í skipum sem nota svartolíu er varminn nýttur nokkuð og framleiðendur véla leggja aukna áherslu á að finna lausnir á bættri orkunýtingu. Það er hins vegar augljóst að mikil orka fer til spillis, án þess að hún sé nýtt,” segja þeir Stefán og Ragnar.

Til að áætla það magn glatvarma sem mögulegt er að nýta fengu þeir aðgang að vélarúmshermi Verkmenntaskólans á Akureyri. Einnig var stuðst við olíueyðslutölur frá Brimnesi RE 27 sem er í eigu Brims hf. Útreikningar Stefáns og Ragnars sýna að tæknilega er mögulegt að nýta glatvarmann til frystingar annars vegar og svo hins vegar til raforkuframleiðslu.

#### Frysting

„Frysting og kæling aflu um borð í fiskiskipum krefst notkunar véla sem knúnar eru með raforku framleiddri með olíu í rafli. Skipsvélin brennir einnig olíu og í báðum tilvikum myndast umtalsverður glatvarmi. Þessa ónýttu orku mætti nýta til að knýja frystikerfi. Þetta kann að hljóma einkennilega, en glatvarmann má nýta til að knýja hringrás véla í lokuðu kerfi þannig að þær færi varma frá einum stað til annars, hvort heldur sem er til hit-

**Framleiðslan fer fram með þeim hætti að varminn, þ.e.a.s. glatvarminn, er færður inn í varmaskipti sem kemur vinnsluvökva í lokaðri hringrás á gasform.**

unar eða kælingar. Við teljum hægt að ná fram umtalsverðum olíusparnaði með því að nýta varmaknúna hringrás til kælingar í stað rafknúinnar. Þetta er mjög áhugaverður kostur, en nánari rannsókn og útreikninga er þörf. Ókosturinn við þessi kerfi er að þau eru líklega plássfreak, en geta sparað mikla olíu og þar með fjármuni.”

#### Raforka

„Það er hægt að framleiða raforku úr þeim glatvarma sem til fellur á skipum, hagkvæmni þess eykst eftir því sem skipin eru stærri. Framleiðslan fer fram með þeim hætti að varminn, þ.e.a.s. glatvarminn, er færður inn í varmaskipti sem kemur vinnsluvökva í lokaðri hringrás í gasform. Gasið nær nokkuð háum þrýstingi sem nýttur er til að knýja hverfil sem þá framleiðir raforku í rafli. Þannig getur glatvarminn komið í stað eða bætt upp hefðbundnar ljósavélar um borð.”

Þeir Stefán og Ragnar segja að einnig gæti verið áhugavert að skoða möguleika á að þurrka afurðir um borð í skipum. Greinilegt sé að nokkrar leiðir séu færar í þeirri viðleitni að nýta glatvarmann og draga þannig út olíuotkun skipa.

Örar tækniframfarir kalla á símenntun í **Iðnstýringu**:

## Iðnaðargemsar verða algengari

Tölvur af ýmsum gerðum og stærðum gegna lykilhlutverki við stýringu búnaðar, nánast hvar sem lítið er í atvinnulífinu. Þetta á meðal annars við um stjórn og eftirlit í iðnaði og skipum, sem félagsmenn í VM þekkja kannast vel við. Úrval iðntölva og iðnstýribúnaðar er mikið og þróunin er sannarlega ör. Búnaður sem telst vera af fullkomnustu gerð í dag getur þess vegna verið álitinn úreltur eftir tiltölulega skamman tíma.

Til að standast kröfur vinnurmarkaðarins um þekkingu og færni í starfi er því vissara að fylgjast vel með í þessum efnunum. ÍÐAN fræðslusetur er meðal þeirra sem býður félagsmönnum í VM að sækja námskeið í iðnstýringu auk þess sem nokkrar fræðslustofnanir bjóða upp á hérhæfð námskeið þar sem iðnstýring er í brenni-depli.

Kristján Kristjánsson verk-efnisstjóri hjá Iðunni segir að þátttakan á námskeiðunum hafi almennt verið góð. „Við erum í samvinnu við fyrirtækið Iðnaðartækni, sem sérhæfir sig í iðnstýringu. Algengast er að kennt sé í fjóra daga á hverju námskeiði og ég hvet alla í VM til að kynna sér þennan góða valkost. Hraðinn í tækninni er orðinn svo ör, þannig að það veitir sannarlega ekki af að fara á námskeið með reglulegu millibili. Þannig verða menn öruggari í starfi og líður auk þess betur.“

### Fálkinn

Fálkinn leggur ríka áherslu á sölu iðnstýrivéla (PLC). Guðmundur Ævar Guðmundsson solumaður segir spennandi að fylgjast með gangi mála. „Ætli ég nefni ekki fyrst til sögunnar öra þróun í gsm tækninni. Iðnaðargemsar hafa rutt sér mjög til rúms á undanförunum árum og þeir geta sparað ótrúlega mikla vinnu. Ef tiltekin vél í verksmiðjunni bílar sendir hugbúnaður einfaldlega skilaboð til umsjónarmannsins og tilkynnir hvað hefur farið úr-



**Guðmundur Ævar Guðmundsson**  
Segist helst vilja nefna aukna tækni



skeiðis. Sömuleiðis er hægt að senda skilaboð og stjórna þannig vélunum.

Þróunin í þessum efnunum er ör og sífellt bætast við fleiri og fleiri valkostir í þessari tækni.

Forritunarhugbúnaðurinn er yfirleitt ókeypis með „low end“ PLC / minni iðntölvum og er þar að auki kominn með innbyggðum möguleika á að prófa „verkefnið“ í PC vélinni án þess að tengjast PLC vélinni. Þetta er mikill tímasparnaður í vinnu og gefur mikla möguleika í kennslu,” segir Guðmundur Ævar Guðmundsson hjá Fálkanum.

### Reykjafell

Reykjafell rekur sérstaka sjálfvirkni-eild, þar sem iðnstýring er mál mállanna. Geir Arnar Geirsson segir að snertiskjáiir séu mjög að sækja í sig veðrið þegar iðnstýring sé annars vegar. Þannig fái stjórnendur fyllri upplýsingar úr tölvukerfinu og öll stýring verði öruggari.

Þá nefnir hann Smart Wire Darwin, sem er marg verðlaunuð nýning frá Eaton.

„Þetta kerfi sparar mikla vinnu við hönnun tenginga í skápum frá iðntölvum. Kerfið sendir umsjónarmanni allar nauðsynlegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru frá degi til dags.“

Geir segir að mikill áhugi sé á mælistöð frá Janitza, sem fylgist með ástandi rafmagns. Slíkur búnaður hafi verið settur víða upp, bæði á sjó og landi.

„Þessar stöðvar skrá öll frávik í gæðum rafmagnsins og eru tengdar internetinu. Það hefur orðið mikil vakning í þessum efnunum á tiltölulega skömmum tíma, enda stjórntæki oft á tíðum viðkvæm fyrir rafmagnstruflunum. Í þessu kerfi er til dæmis hægt að prenta út skýrslu, þar sem fram kemur hvort gæði rafmagnsins eru innan þeirra marka sem nauðsynleg eru.“

## Námsstyrkir til útskriftarnema

Dregið hefur verið úr innsendum umsóknum um námsstyrki VM. VM auglýsti eftir umsóknum um styrki frá öllum nemum á útskriftarári í vél- og málm-tæknigreinum í janúar í ár eins og í fyrra.

Styrkirnir eru 12 og að upphæð 100.000 kr. hver.

Eftirtaldir aðilar fá styrk á árinu 2011:

- Arnar Eggertsson - Tækniskólinn
- Arnór Ingi Hansen - Verkmennaskólinn á Akureyri
- Auðunn Jóhann Elvarsson - Tækniskólinn
- Brynjólfur Árni Gunnarsson - Tækniskólinn
- Eyþór Gunnarsson - Iðnskólinn í Hafnarfirði
- Guðjón Gíslason - Tækniskólinn

- Gunnar Guðmundsson - Tækniskólinn
- Hörður Sigurgeirsson - Tækniskólinn
- Ingólfur Magnússon - Tækniskólinn
- Knútur Sveinsson - Tækniskólinn
- Sigurður Einar Gíslason - Vélskólinn í Vestmannaeyjum


VM hefur stuðlað að aukinni menntun í vél- og málm-tæknigreinum með því m.a. að benda á mikilvægi þeirra starfa í þjóðfélaginu og nauðsyn þess að fjölgja nemum í þeim greinum. Jafnframt hefur VM bent á nauðsyn þess að bæta námsaðstöðu nemenda og kennara í verknámsgreinum og að verknámi og bóknámi njóti sömu áherslu í skólakerfinu. Styrkir VM til útskriftarnema eru liður í þeirri vinnu.

Meðalaldur **málm-tæknifólks** hækkar stöðugt:

# Grípa verður til róttækra aðgerða

Innan vébanda VM - Félags vélstjóra og málm-tæknimanna eru um 4000 manns, en félagið er opið öllum sem lokið hafa viðurkenndu vélstjórnarnámi, iðnnámi í málm- og véltæknigreinum, veiðafæragerð, báta- og skipasmíði svo og námsmönnum og öðrum þeim sem starfa í greinunum. Þrátt fyrir að atvinnuleysi þekkist varla meðal félagsmanna er staðan sú að meðalaldur félagsmanna í VM hefur hækkað ár frá ári. Af þessu hafa forsvarsmenn félagsins verulegar áhyggjur og vilja sjá breytingar.

Framhald á næstu síðu



#### Málmtækni

Á heimasíðu VM, vm.is, er að finna margvíslegar upplýsingar um menntun, starfsréttindi, fræðslusjóði og fleira. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum, veitir starfsfólk skrifstofu VM að sjálfsgöðu allar þær upplýsingar sem kostur er.

Tímarit VM fékk þá Guðmund Ragnarsson formann VM, Halldór Arnar Guðmundsson forstöðumann kjara- og menntasviðs félagsins og Vigni Eyþórsson sem einnig sinnir kjara- og menntamálum til að fara yfir stöðu málsins.

„Við höfum ekki reiknað út námvæmlega hvernig þróunin í þessum efnunum hefur verið á undanfórnum árum, en meðal-jóninn í félaginu er kominn yfir miðjan aldur og það er auðvitað mikið áhyggjuefni. Ekki bara fyrir félagið okkar, heldur allt þjóðfélagið. Iðngreinar hafa ekki átt upp á pallboði hjá almenningi og það hefur meðal annars bitnað á málm- og véltæknigreinum. Staðan núna er að tveir af hverjum þremur nemendum í framhaldsskólum landsins stunda bóknám. Þessar tölur sýna okkur svart á hvítu í hvaða átt ungt fólk horfir þegar hugað er að framtíðinni. Vélstjórnin hefur að vísu haldið velli að mestu, en við höfum dæmi um greinar sem hreinlega eru að syngja sitt síðasta. Þar nefni ég sérstaklega rennismiði og málmsteypu,“ segir Guðmundur formaður.

#### Nám fellt niður

Halldór Arnar segir að hluti vandans sé að þeir sem hefja nám í málm- og véltæknigreinum séu eldri en gengur og gerist í menntakerfinu. „Það er ekki óalgengt að í okkar greinum hefji fólk nám um þrítugt, þessi staðreynd er hluti vandamálsins. Það

**VM mun að sjálfsgöðu ekki hlaupast undan merkjum, félagið mun áfram kappkosta að vera í stöðugum samskiptum við vinnumarkaðinn, stjórnvöld og menntastofnanir með það að markmiði að vinna að breytingum á námi og námsframboði í takt við þarfir markaðarins.**

vantar að kynna námsframboð og framtíðarmöguleika miklu betur fyrir ungu fólki sem er að velja sér námsbraut. Að starfa í smiðju þarf síður en svo að þýða að viðkomandi sé skítugur upp fyrir haus við sín störf, það er af og frá. Þetta er samt sem áður oft á tíðum myndin sem dregin er upp af okkar greinum. Staðreyndin er hins vegar sú að í málm- og véltæknigreinum er tæknin allsráðandi og því rík þörf á vel menntuðu fagfólki. Síðan nefni ég að menntamálaráðuneytið hefur oftar en ekki gert skólum að fella niður nám ef tilskilinn fjöldi nemenda næst ekki. Þetta hefur bitnað mjög á járnsmiðinni svo dæmi sé tekið. Þeir sem ætluðu sér að læra þá iðn fóru í staðinn í eitthvað annað nám. Þetta hefur bitnað harkalega á nokkrum greinum, með þeim afleiðingum að

nú er víða skortur á sérhæfðu fólki. Vandamálið er leyst með því að flytja inn erlenda starfsmenn í stórum stíl og þar með hverfur verkþekkingin úr landinu,“ segir Halldór Arnar.

Vignir Eyþór tekur í sama streng. Hann vill að gripið verði til róttækra aðgerða til að snúa þróuninni við. Annars fari augljóslega illa.

„Sökin liggur í raun hjá öllum, atvinnugreinin í heild sinni þarf að bregðast við með samstilltu átaki. Það þarf að keyra upp launin og kynna starfsnám markvisst fyrir ungu fólki sem vænlegum kosti. Það einfaldlega gengur ekki að stór hluti þjóðarinnar vinni á skrifstofu, einhverjir verða að skapa verðmætin. Þetta verður auðvitað ekki gert á einum degi, en við verðum að snúa þessari þróun við og því fyrr því betra. Síðast en ekki síst þarf að endurskoða iðnlöggjöfina og tryggja miklu betur að hún verði virk og verndi fagstörf. Málm- og véltæknigreinin er um margt spennandi starfsvettvangur sem vert er fyrir ungt fólk að skoða gaumgæfilega.

#### Menntað fólk ekki til staðar

Guðmundur Ragnarsson bendir á að mjög sé rætt um nauðsyn þess að byggja upp á næstu árum framleiðslufyrirtæki sem skapi gjaldeyri fyrir þjóðarbúið og komi okkur út úr kreppunni.

„Hvort sem við erum að tala um álver eða önnur framleiðslu-

fyrirtæki er ljóst að þau þurfa öll sérmenntað fólk til að sinna viðhaldi og rekstri flókins tækja- og vélbúnaðar. Að óbreyttu höfum við ekki fagfólk eftir nokkur ár til að sinna þessum þjóðhagslega mikilvægu störfum og gætum þurft að treysta á erlenda aðstoð. Það er staða sem fæstir vilja að verði raunin. En því miður er veruleikinn svona. Við verðum því að grípa til róttækra aðgerða, núverandi staða er óásættanleg fyrir þjóð sem telur sig fullvalda. VM mun að sjálfsgöðu ekki hlaupast undan merkjum, félagið mun áfram kappkosta að vera í stöðugum samskiptum við vinnumarkaðinn, stjórnvöld og menntastofnanir með það að markmiði að vinna að breytingum á námi og námsframboði í takt við þarfir markaðarins.“ Það er komið að ögurstund í að snúa þróuninni við, það sem hefur verið reynt í gegnum árin hefur ekki skilað árangri. Að mínu viti höfum við engan tíma til að halda áfram með þær tilraunir, nú verður að send sterk skilaboð með því að bæta kjörin hjá þessum stéttum og það mun laða ungt fólk að þessum störfum. Laun eru það stór þáttur í þessum efnunum þegar ungt vel upplýst fólk fer að velta fyrir sér starfsvettvangi framtíðarinnar.“

Á heimasíðu VM, vm.is, er að finna margvíslegar upplýsingar um menntun, starfsréttindi, fræðslusjóði og fleira. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum, veitir starfsfólk skrifstofu VM að sjálfsgöðu allar þær upplýsingar sem kostur er.



#### Sauðárkrókur

„Í þeirri fjárhagslegu endurreisn þjóðarbúsins sem við stöndum frammi fyrir á næstu árum er iðnmenntað fólk afar mikilvægt,” segir skólameistari Fjölbrautarskólans.

Þriðjungur nemenda á framhaldsskólastigi í **iðnnámi**:

## Þurfum iðnmenntað fólk

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru skráðir 26.982 nemendur á framhaldsskólastigi síðasta haust. Tveir af hverjum þremur nemendum voru skráðir í bóknám, eða 17.938. Í starfsnám voru skráðir 9.044 nemendur. Þeir sem iðnaðarblaðið ræddi við um þessar tölur voru sammála um að þessu verði að breyta, fjölga verði með einhverjum hætti nemendum í iðnnámi.

Porkell Þorsteinsson aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki segir að iðnmenntun sé mjög hagnýtt nám og gefi möguleika á áframhaldandi námi.

„Þessar tölur sýna okkur einfaldlega að of fáir fara í iðnnám og ég hef trú á því að þetta breytist á komandi árum. Okkur stjórnendum skóla sem eru með iðnnám hefur löngum þótt að orð og athafnir peningavaldsins fari ekki alltaf saman í þessum efnum. Við finnum fyrir skilningi og vilja ríkisins til þess að auka veg iðnnámsins, fjármagnið hefur hins vegar látið á sér standa.”



**Porkell Þorsteinsson**

„Í þeirri fjárhagslegu endurreisn þjóðarbúsins sem við stöndum frammi fyrir á næstu árum er iðnmenntað fólk afar mikilvægt.”

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki er eini framhaldsskólinn á svæðnu og segir Porkell að hann gegni afar mikilvægu hlutverki. Samfélagið væri klárlega allt öðruvísi ef skólans hefði ekki notið við. „Í þeirri fjárhagslegu endurreisn þjóðarbúsins sem við stöndum frammi fyrir á næstu árum er iðnmenntað fólk afar mikilvægt. Nýsköpunarmöguleikar framtíðarinnar felast að stórum hluta til í iðnaði. Þá þurfum við virkilega á menntuðu fólki að halda, ekki síst sem er með hagnýta og góða iðnmenntun. Með þessum orðum er ég ekki að kasta rýrð á bóknámið. Á meðan þjóðarbúið er í lægð er rétti tíminn til að efla hvers kyns nám og nefni ég sérstaklega iðnnám. Hér við skólann á Sauðárkróki starfar til dæmis raf-ræn smiðja, þar sem öllum gefst kostur á að koma með hugmynd og gera hana að veruleika. Í þessari

smiðju fæðast nýjar hugmyndir, sem vonandi verða að veruleika í framtíðinni,” segir Porkell Þorsteinsson aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki.



Héðinshúsið, Gjáhellu 4, Hafnarfirði

### Þekkingarfyrirtæki í málmiðnaði og véltækni



Sími 569 2100 • hedinn.is



ÁRSSKÝRSLA VM

# 2010

VM - FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA



## Ávarp formanns

Ákvörðun stjórnar félagsins á síðasta ári að setja ársskýrslu félagsins í tímarit VM og senda öllum félagsmönnum, með það að markmiði að auka upplýsingaflæði um starfsemi félagsins, hlaut mjög jákvæðar undirtektir og verður sami háttur hafður á í framtíðinni. Vonandi mun þetta auka áhuga félagsmanna á félaginu sínu og hvetja þá til að fara á heimasíðu félagsins og kynna sér allt sem þar er að finna um starfsemi félagsins, auk ýmissa upplýsinga.

Starfsemi og verkefni félagsins markast enn að stórum hluta af því ástandi sem ríkir í samfélaginu eftir efnahagshrunið. Hafin var vinna við að endurskipuleggja og leggja grunn að framtíðarrekstri félagsins. Vinnufundur starfsfólks var í maí 2010 þar sem farið var í að skilgreina verkefni skrifstofunnar og finna nýjar leiðir til að tengja félagið betur við félagsmenn VM á landsbyggðinni. Því miður hefur ekki verið hægt að sinna þessu sem skildi vegna annarra verkefna, en vonandi mun þessari vinnu ljúka á árinu. Verktaki var fenginn til að koma skjalasafni félagsins í lag og ákveðið að kaupa á skjalastjórnunarkerfi til að halda utan um gögn félagsins til framtíðar.

Ákveðið var að setja útgáfu Tímarits VM út af skrifstofu félagsins og gerður hefur verið samningur við Gogg ehf. Útgáfufélag Sigurjóns M. Egilssonar. Með þessu er gerð tilraun til að fara með útgáfu tímaritsins inn á nýjar ferskari leiðir og aðrar nálganir á málefnum félagsmanna og vonandi mun verða beinskeyttari umfjöllun um þau mál. Með haustinu mun koma ný heimasíða VM, sem vonandi verður lyftistöng í að koma á betri upplýsingum og auka þjónustu við félagsmenn.

Stjórn félagsins markaði þá stefnu að í framtíðinni verði á hverju ári haldið VM - þing, ótengt aðalfundi félagsins og öflug kjararáðstefna með trúnaðarmönnum og tengiliðum félagsins. Þing verður í vor þar sem fjallað verður um lífeyriskerfið. Í haust verðu síðan Kjararáðstefna sem ætluð er að leggja grunn að undirbúningsvinnu fyrir framtíðarsýn félagsmanna á sín launakjör. Með þessu telur stjórn félagsins að betri og markvissari tengingu verði komið á milli trúnaðarmanna og vægi þeirra aukði í starfsemi félagsins.

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VM hefur aukist milli ára, úr 3.0% í 4.5%, sem er um helmingi minna en landsmeðaltal í janúar 2011. Hinsvegar sjáum við fram á það að ef eitthvað fer af stað í atvinnuuppbyggingu mun verða skortur á vél- og málmæknimönnum. Í könnun sem VM gerði hjá 12 stórum fyrirtækjum kom fram að ef einhver verkefni koma til þeirra, muni þau þurfa að ráða inn starfsmenn hratt. Því má líka halda til haga að ungt fólk hefur ekki sótt í það að mennta sig í þessi störf undanfarin ár þannig að endurnýjun í greinunum er ekki í samræmi við þörfina og er það mikið áhyggjuefni.

Stjórn VM ákvað að í niðursveiflu væri það samfélagsleg skylda félagsins að halda ekki að sér höndum í ýmsum brýnum framkvæmdum, t.d. varðandi orlofshús félagsins, heldur bæri að halda áfram viðhaldi og endurbótum á þeim. Gerður hefur verið leigusamningur við Ungmennafélag Laugdælinga á landi þess við hlið orlofsaðstöðu VM á Laugarvatni og farið var í vinnu á árinu að leggja grunn að uppbyggingu á því svæði. Landið sem tekið hefur verið á leigu á að vera fyrir tjaldstæði og útilegufaratæki félagsmanna.

Það er skoðun mín að VM hafi slitið barnskónum og tími kominn til leggja grunn að framtíðarskipulagi félagsins og starfsemi skrifstofu. Eðlilega hafa hlutirnir þróast á annan veg en menn sáu fyrir við stofnun VM. Ég tel það mjög jákvætt og sýna að við ætlum að koma á öflugu landsfélagi allra í vél- og málmækni, með því að vera sveigjanleg og breyta því sem ekki virkar. Þetta sýnir að við erum á framfaraleið og þorum. Ætlum ekki að staðna.



Kveðja,  
Guðmundur Ragnarsson  
formaður VM

## Rekstur VM 2010

Efni skýrslunnar er flokkað eftir helstu málefnum og stiklað á stóru í máli og myndum frá síðasta aðalfundi sem haldinn var á Grand Hótel Reykjavík þann 20. mars 2010 fram að aðalfundi 26. mars 2011.

Tölulegar upplýsingar eru miðaðar við starfsárið 2010 en efnisatriði eru miðuð við tímamann milli aðalfunda, þ.e. mars 2010 til mars 2011.

Rekstur félagsins gekk vel á árinu og hækkuðu félagsgjöldin lítillega á milli árána 2009 og 2010 og raunávöxtun var mun betri á fjármunum félagsins miðað við árið áður. Rekstrartekjur voru 403 millj.kr. en rekstrargjöld 339 millj. kr. Fjáreignatekjur voru 71 millj. kr. Fjárhagur VM er traustur og almennur rekstur félagsins að komast í fastar skorður.

Í ársreikningi ársins 2010 er upplýst um raunávöxtun sjóða félagsins eins og gert var árið 2009.

Samanlagður launa- og rekstrarkostnaður er að lækka sem hlutfall af tekjum, sem er mjög jákvætt í rekstri félagsins og mun það gefa okkur frekari svigrúm til að auka þjónustu við félagsmenn.

Rekstrarafgangur varð á rekstri allra sjóða félagsins nema orlofssjóðs sem rekin var með lítilsháttar tapi.

Félagið átti um síðustu áramót 1.893 millj. í bókfærðum eignum. Félagið hafði um 1.375 millj.kr. í fjárvörslu og eignastýringu hjá Arion banka og Íslandsbanka.

Fasteignir félagsins eru Stórhöfði 25 þar sem félagið er með starfstöð sína og Borgartún 30 Reykjavík, sem félagið leigir Norðuráli undir aðalskrifstofur, auk geymsluaðstöðu í Akralind 1 sem félagið á með öðrum stéttarfélögum. Einnig á félagið 2 íbúðir í Reykjavík, 3 íbúðir á Akureyri og 28 orlofshús. Nýr fundarsalur var tekinn í notkun á 4. hæð á Stórhöfðanum í lok ársins og er það mjög til bóta fyrir félagið til að sinna betur þjónustu við félagsmenn. Reynt verður að koma austurhluta 4. hæðar Stórhöfða 25 í útleigu.

90 ára saga Félags járníðnaðarmanna kom út í apríl og er þar á ferð vegleg bók þar sem saga félagsins er rakin bæði í máli og myndum. Friðrik G. Olgeirsson ritaði bókina en Bókaútgáfan Hólar gaf hana út.

Er það samdóma álit allra að höfundi hafi tekist vel til við að gera sögu félagsins góð skil.

Miklar endurbætur hafa verið á orlofshúsum félagsins, á Laugarvatni voru litlu radhúsin tekin í gegn að innan sem utan. Nú hefur hver íbúð góðan pall með potti. Þessar breytingar hafa mælst vel fyrir hjá félagsmönnum og mikil aukning verði á útleigu á þessum íbúðum. Á Akureyri var ein íbúðin endurnýjuð og ákvörðun hefur verið tekin að 3ja og síðasta íbúðin verði endurnýjuð á árinu.

Áfram verður haldið í að endurbæta orlofshús félagsins árið 2011 og talsverðum fjármunum verður varið til þess.

Áslaug R. Stefánsdóttir fór í starf skrifstofu- og fjármála- stjóra og breytingar voru gerðar á störfum starfsfólks, Særun Vignisdóttir var ráðin í fullt starf eftir að hafa hafið störf í afleysingum. Halldór Arnar Guðmundsson var gerður að forstöðumanni kjara- og menntasviðs VM. Stemma er að því að ljúka endurskipulagningu á starfsemi skrifstofu VM á árinu, með það að leiðarljósi að auka og bæta þjónustu við félagsmenn og gera hana skilvirkari.

Með samstarfssamningi við Félag Málmíðnaðarmanna á



Akureyri mun þjónusta og sýnileiki VM á norðurlandi aukast og hefur merki félagsins verið sett upp á húsnæði þess á Skipagötu 14 Akureyri.

Guðrún Katrín Bryndísardóttir lét af störfum á árinu. Félagið þakkar henni fyrir góð störf og framlag hennar við mótun VM.

Undirritaðir ársreikningar VM endurskoðaðir af Ernst & Young verða lagðir fram á aðalfundinum 26. mars 2011.

## Félagsgjöld

Félagsgjöld eru 0,8% af tekjum, fóru úr 123 milljónum 2009 í 136 milljónir árið 2010. Miðað við það sem hefur átt sér stað á vinnumarkaðnum getum við vel við unað að sjá aukningu í félagsgjöldum í krónum talið.

## Launagreiðendur

Fjöldi launagreiðenda sem skiluðu iðgjöldum til félagsins árið 2010 voru 754 og er það fækkun um 12 frá árinu 2009.



### Fjöldi félagsmanna og skipting þeirra

Árið 2010 greiddu alls 3.078 einstaklingar félagsgöld til VM. Nýjir félagsmenn voru 128.


Skipting milli kynja er 3.057 karlar og 21 kona.

Skráðir félagsmenn sem hættir eru störfum eru 697 og þeir sem greiddu lágagjaldið árið 2010 eru 45.

Um síðustu áramót voru 26 einstaklingar skráðir sem aukafélagar.

Félagsmenn VM eru því rúmlega 3800 og hefur félagsmönnum fækkað frá árinu 2009, og er atvinnuleysi og fólksflótti frá landinu líkleg skýring á því.

### Skipting félagsmanna eftir störfum árið 2009 og 2010



■ Fiskiskip ■ Farskip ■ Landmenn


■ Fiskiskip ■ Farskip ■ Landmenn

Félagsmenn	Fjöldi	Hlutfall af fjölda	Félagsmenn	Fjöldi	Hlutfall af fjölda
Fiskiskip	567	18,99%	Fiskiskip	593	17,85%
Farskip	101	3,38%	Farskip	120	3,61%
Landmenn	2318	77,63%	Landmenn	2609	78,54%
<b>Samtals:</b>	<b>2986</b>	<b>100,00%</b>	<b>Samtals:</b>	<b>3322</b>	<b>100,00%</b>

Á þessum myndum er borið saman á milli ára, hlutfall þeirra félagsmanna sem vinna í landi og á sjó. Eins og sést er hlutfallið svipað og í fyrra, um 78% félagsmanna starfa í landi og um 22% starfa á sjó.

### Skipting félagsmanna eftir svæðum

Á meðfylgjandi mynd má sjá dreifingu félagsmanna VM yfir landið. Eins og sjá má er mestur fjöldi félagsmanna á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Engu að síður eru félagsmenn VM alls staðar á landinu.



■ Austurland ■ Norðurland ■ Vesturland og Vestfirðir  
■ Höfuðborgarsvæðið ■ Suðurland og Reykjanes

Félagsmenn	Fjöldi	Hlutfall af fjölda
Austurland	227	6,24%
Norðurland	370	10,18%
Vesturland og Vestfirðir	254	6,99%
Höfuðborgarsvæðið	2268	62,39%
Suðurland og Reykjanes	516	14,20%
<b>Samtals:</b>	<b>3635</b>	<b>100,00%</b>

### Félagsmenn sem starfa erlendis

Reglur um greiðslur félagsmanna sem starfa erlendis (hjá erlendum fyrirtækjum) en vilja greiða í félagið og halda réttindum sínum.

#### Réttindi:

**Sjúkrasjóður:** Gegn framvísun læknisvottorðs um óvinnufærni á viðkomandi rétt á dagpeningum sem nema 90% af viðmiðunartekjum að hámarki 450 þús. á mánuði, í allt að 6 mánuði.

**Orlofssjóður:** Viðkomandi safnar punktum og getur leigt orlofshús.

**Félagssjóður:** Með greiðslum í félagssjóð öðlast viðkomandi sömu réttindi og aðrir félagsmenn í fræðslusjóði VM. Félagið getur ekki samið fyrir viðkomandi eða veitt t.d. lögfræðiaðstoð við innheimtu launa erlendis. Félagið mun aftur á móti veita ráðgjöf og leita upplýsinga er varða málefni viðkomandi innanlands og eftir getu erlendis.

### Ákvörðun viðmiðunarlauna

Við ákvörðun um greiðslur á að miða við raunhæfar bætur úr sjúkrasjóði. Til að ná hámarks bótum þarf viðkomandi að greiða af kr. 500.000 mánaðarlaunum.

#### Miðað við 500.000 kr. mánaðartekjur verða greiðslur:

Félagsgjald	0,80%	4.000
Sjúkrasjóður	1,00%	5.000
Orlofssjóður	0,25%	1.250
<b>Samtals:</b>	<b>2,05%</b>	<b>10.250</b>

Lágmarks viðmiðunarlaun er kr. 400.000 en það eru u.þ.b. meðallaun málmíðnaðarmanns sem vinnur 49 tíma á viku. Bætur úr sjúkrasjóði m.v. þá upphæð verða kr. 360.000 á mánuði.

### Útgáfu og kynningarmál

Mikilvægasti þáttur í upplýsingamiðlun til félagsmanna eru gæði upplýsinganna. Að félagsmenn séu stöðugt upplýstir og minntir á réttindi sín. Einnig að minna félagsmenn stöðugt á að félagið samanstendur af þeim og hvernig þeir geta haft áhrif og mótað starf félagsins með þátttöku sinni. VM gaf út 3 tímarit á árinu. Gerður hefur verið samningur við Gogg ehf. um útgáfu á tímariti VM og stefnt er á að gefa blaðið út ársfjórðungslega. Útgáfu Fréttabréfs VM hefur verið hætt vegna kostnaðar og áhersla lögð á stöðuga fréttu- og upplýsingagjöf á heimasíðu félagsins.

#### Félagavefur

Á félagavef, sem aðgengilegur er á heimasíðu VM, er hægt að skoða allar upplýsingar um greiðslur félagsgjalda og greiðslur sem félagsmaður hefur fengið úr sjóðum félagsins. Einnig er hægt að skoða punktastöðu og laus orlofshús í rauntíma og panta og greiða orlofhús með kreditkorti á vefnum allan sólarhringinn. Hafin er vinna við endurhönnun heimasíðu VM og áætlað að hún verði tekin í notkun seinni hluta ársins.

#### Kannanir

Niðurstöður kjararáðstefnu VM voru bornar undir félagsmenn í viðhorfskönnun þar sem þátttakendur voru beðnir að velja og forgangsraða þremur af 20 atriðum, sem þátttakendur á kjararáðstefnunni vildu leggja áherslu á. Viðhorfskönnunin stóð yfir dagana 26. nóvember til 7. desember og voru þátttakendur 392. Fyrirtækið Outcome sá um viðhorfskönnunina.

Kjarakönnun á meðal félagsmanna VM sem starfa í landi, stóð yfir dagana 2. nóvember til 14. desember 2010. Könnunin var blanda af net- og símakönnun þar sem þeim, sem eru á netfangalista félagsins, var send könnunin, en hringt í þá sem ekki eru á netfangalista og þeim boðið að gefa upp netfang sitt, og fá könnunina senda í tölvupósti, eða að svara í síma væru þeir ekki með netfang. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd könnunarinnar, sem tók til septemberlauna árið 2010. Alls tóku 533 félagsmenn þátt í kjarakönnuninni, af um 1470, sem gerir um 36,5% svarhlutfall.



### Stjórn og varastjórn

Á síðasta aðalfundi var lýst kosningu stjórnar og varastjórn VM til næstu tveggja ára. Kosningin var fyrsta kosning með kosningarfyrirkomulagi sem lög VM kveða á um að atkvæðavægi raði frambjóðendum í aðal- og varastjórn. Talsverðar breytingar urðu á skipan stjórnarinnar og inn komu fjórir nýir stjórnarmenn. Samúel Ingvarsson var kosin varaformaður VM af hinni nýju stjórn á fyrsta fundi nýrrar stjórnar. Stjórn félagsins hélt 11 stjórnarfundum milli aðalfunda. Að vanda hafa mörg mál komið inn á borð stjórnar og ástandið í þjóðmálum oftar en ekki komið þar til umræðu.

Stjórnin hefur verið einhuga um að standa að áframhaldandi lagfæringum á orlofshúsum félagsins, auk þess sem unnið hefur verið að fyrirhuguðum hugmyndum um aukningu á orlofsaðstöðu fyrir félagsmenn. Skipað hefur verið sérstök starfsnefnd til að sjá um þau mál.

#### Stjórn VM skipa:

Guðmundur Ragnarsson, *formaður*  
Samúel Ingvarsson, *varaformaður*

#### Aðalmenn:

- Heimir V. Pálmason, *Rammi hf*
- Guðmundur Helgi Þórarinnsson, *HB Grandi hf*
- Andrés Bjarnason, *Landsvirkjun*
- Jón Jóhannsson, *Kælimiðjan Frost*
- Guðmundur Sigurvinsson, *Gunnvör*
- Sævar Örn Kristjánsson, *Landsvirkjun*
- Friðrik Björgvinsson, *Vestmannaeyjabær*

#### Varamenn:

- Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, *Marel hf*
- Kristján Kristjánsson, *Iðan*
- Gunnar Sk. Gunnarsson, *Johan Rönnung hf*
- Gylfi Ingvarsson, *ÍSAL*
- Trausti Ingólfsson, *Samskip*
- Guðni Gunnarsson, *ÍSAL*
- Sigurður I. Sigurgeirsson, *Vinnslustöðin*
- Guðmundur Smári Guðmundsson, *Marel*



### Viðburðadagatal

#### 2010

20. mars	Aðalfundur VM
15. apríl	Stjórn, varastjórn og fulltrúaráð VM
29. apríl	Fundur með félagsmönnum VM í smíðagreinum
1. maí	1. maí kaffi
3. júní	Stjórn, varastjórn og fulltrúaráð VM
5. júní	Félagsfundur á Reyðarfirði
24. júní	Sumarferð eldri félagsmanna VM
5. ágúst	Golfmót VM
15. september	Stjórn, varastjórn og fulltrúaráð VM
2. október	Kjararáðstefna VM
11. október	Félagsfundur á Ísafirði
21.-22. október	Ársfundur ASÍ
15. desember	Félagsfundur í Reykjavík
28. desember	Félagsfundur á Akureyri
29. desember	Félagsfundur í Reykjavík fyrir sjómenn

#### 2011

3. janúar	Félagsfundur í Vestmannaeyjum
18. janúar	Fundur trúnaðarmanna og samninganefnda
20. janúar	Félagsfundur í Reykjavík
10. febrúar	Fundur trúnaðarmanna og samninganefnda
18. febrúar	Fundur með félagsmönnum VM í atvinnuleit
26. mars	Aðalfundur VM

### Félagsstarf

#### Fulltrúaráð

Þrjú fundir voru haldnir í Fulltrúaráði VM, sá fyrsti 15. apríl 2010, þar sem kynnt var hugmynd að uppbyggingu orlofsvæðis félagsins á Laugarvatni. Farið var yfir stöðu tveggja af stærstu lífeyrissjóðum félagsmanna og lækkanir á réttindum. Einnig var kynnt fyrirhuguð kjararáðstefna og fyrirkomulag á framkvæmd hennar. Annar fundur var haldinn þann 3. júní til að kynna endurnýjun á samningi aðildarféлага ASÍ um leikreglur vegna sameiginlegra mála við gerð og endurnýjun komandi kjarasamninga. Gylfi Arnbjörnsson var gestur fundarins og útskýrði hann samninginn og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Einnig fór Gylfi yfir hugmyndir á breytingum á skipulagi ASÍ. Í lok fundarins voru greidd atkvæði um samstarfssamninginn og var hann samþykktur mótatkvæðalaust. Þriðji fundurinn var 15. september þar sem valdir voru fulltrúar VM á Ársfund ASÍ. Tillaga var gerð um skipan samningarnefndar VM fyrir samninga vegna málmíðnaðarmanna, vélstjóra og netagerðarmanna við SA. Farið var yfir fyrirkomulag og framkvæmd á kjararáðstefnu VM í október. Málefni trúnaðarmanna rædd og leiðir til að efla starf þeirra og fjölga þeim, sérstaklega hjá fyrirtækjum þar sem ekki er hefð fyrir trúnaðarmanni.

Áhyggjuefni er að á þessa mikilvægu fundi í stjórnun félagsins var mæting aðeins um 40%, að meðaltali, og verður það að teljast áhyggjuefni þar sem á fundunum er fjallað um mikilvæg málefni er varða hag félagsmanna og félagsins.

#### Fulltrúaráð VM skipað á aðalfundi 2010 til aðalfundar 2012

1. Ásgeir Sverrisson, *Marel*
2. Brynjar Viggósson, *Björgun ehf.*
3. Gunnar I. Leifsson, *Faxaflóahafnir*
4. Halldór Arnar Guðmundsson, *VM*
5. Helgi Jóhannsson, *Ísfell ehf.*
6. Jóhann Pétur Gíslason, *Síldarvinnslan*
7. Jóhannes B. Birgisson, *Baader Íslandi*
8. Jón Bjarni Guðmundsson, *Marel*
9. Kristinn S. Jóhannsson, *Eimskip*
10. Ómar Ari Ómarsson, *Össur*
11. Óskar Gunnarsson, *OR*
12. Sigmar Örn Sigþórsson, *HS-Orka hf.*
13. Sigurður Kristinsson, *OR*
14. Stefán Sigurðsson, *HS-Orka hf.*
15. Sveinbjörn Már Birgisson, *Vélsmiðja Suðurlands*
16. Valdimar Jóhannsson, *Eimskip*
17. Vignir Eypórsson, *VM*
18. Þorsteinn Arthúrssón, *Actavis*

### Starfsnefndir VM

#### Fagnefnd Sjómanna

Aðeins tókst að halda einn fund í fagnefnd sjómanna. Nefndarmenn hafa hinsvegar notað tölvupóstsamskipti til að hafa samskipti og upplýsingum komið til þeirra um málefni sem varða vélstjóra á sjó.

#### Lífeyrisnefnd VM

Nefndin hefur haldið þrjú fundi og þar hafa verið tekin fyrir málefni lífeyrissjóðanna og lífeyriskerfisins almennt. Stefnumótun ASÍ í málefnum lífeyrissjóðanna og Framtaksjóður Íslands eru meðal mála sem rædd hafa verið í nefndinni. Nefndin velur fulltrúa VM í fulltrúaráð Gildis og Sameinaða lífeyrissjóðsins. Nefndin ákvað að Gylfi Ingvarsson formaður lífeyrisnefndar VM tæki sæti sem stjórnarmaður í Sameinaða lífeyrissjóðinn sem fulltrúi VM. Á síðasta fundi nefndarinnar var ákveðið að fá sérfræðinga á fundi nefndarinnar til að flytja erindi um lífeyriskerfið. Til að auka hæfni nefndarmanna og gera þá færari um að leggja mat á þær mismunandi áherslur og skoðanir sem eru í gangi.

#### Orlofsnefnd VM

Vegna mikils umfangs orlofsrekstrar VM ákvað stjórn félagsins að skipa starfsnefnd um rekstur orlofssjóðs.

#### Hlutverk orlofsnefndar VM er að:

1. Fjalla um rekstur og viðhald orlofshúsa VM, orlofssvæða VM og gera tillögur til stjórnar VM um framkvæmdir og rekstur.
2. Vinna að framtíðarskipulagi og undirbúa framkvæmdir.
3. Nefndin vinnur fjárhagsáætlun Orlofssjóðs VM fyrir stjórn félagsins.
4. Halda skal þrjú fasta fundi á ári.

#### Skipun nefndarinnar

Orlofsnefnd VM er fastanefnd sem starfar allt árið. Stjórn VM skipar a.m.k. fimm fulltrúa í nefndina auk formanns VM á fyrsta fundi í janúar annað hvert ár. Umsjónarmaður Orlofshúsa VM er starfsmaður nefndarinnar.

#### Starfsfyrirkomulag nefndarinnar

Orlofsnefnd VM velur sér formann.

#### Orlofsnefndina skipa eftirfarandi félagsmenn VM:

- Sævar Örn Kristjánsson, *formaður*
- Samúel Ingvarsson
- Guðni Gunnarsson
- Jón Jóhannsson

Nefndin hefur haldið einn fund og var Sævar Örn Kristjánsson kosinn formaður. Á fundinum var farið yfir framkvæmdaráætlun orlofssjóð fyrir árið 2011 sem starfsmenn VM höfðu gert tillögu um. Unnin var lokatillaga að fjárhagsáætlun Orlofssjóðs fyrir 2011 sem stjórn VM samþykkti síðan á stjórnarfundum.

## Umboðsmenn VM

VM er með umboðsmenn í Vestmannaeyjum, á Höfn, Akureyri, Vestfjörðum og í Fjarðarbyggð.

### Þeir eru:

- Akureyri: *Jón Jóhannsson*
- Vestfirðir: *Guðmundur Sigurvinsson*
- Höfn: *Torfi Þór Friðfinnsson*
- Vestmannaeyjar: *Friðrik Björgvinsson*
- Fjarðarbyggð: *Óskar Sverrisson*

## Trúnaðarmenn félagsins og tengiliðir

Trúnaðarmenn á vinnustað gegna mikilvægu hlutverki. Þeir eru fulltrúar félagsins á vinnustað og talsmenn starfsmanna. Á vinnustað koma oft upp miserfið mál sem leysa þarf úr. Þá er mikilvægt að tengslin við félagið og fyrirtækin séu góð. Félagið hefur hug til þess að trúnaðarmenn verði á sem flestum vinnustöðum. Innan félagsins hefur verið töluverð umræða um trúnaðarmannakerfið og tilgang þess. Nokkrir fundir hafa verið haldnir með trúnaðarmönnum um ýmis málefni bæði er varðar vinnustaðina og um áherslur vegna væntanlegra kjarasamninga sem nú fara í hönd og hafa þeir tekist ágætlega. Ákveðið hefur verið að halda ráðstefnu í haust til að efla starf trúnaðarmanna og tengja hópinn betur saman.

Félagslegir trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmenn og tengiliðir VM á vinnustöðum eru um 30 talsins.

## Kjararáðstefna VM

Kjararáðstefna VM var haldin laugardaginn 2. október á milli kl. 10:00 og 14:00 í VM húsinu að Stórhöfða. Ráðstefnan var liður í undirbúningi félagsins fyrir kjaraviðræður er hófust á árinu og var opin öllum félagsmönnum. Vegna fyrirkomulagsins þurftu félagsmenn að skrá sig á þátttökulista.

Þátttakendur, 36 félagsmenn, mynduðu fjóra 10 manna hópa með hópstjórum. Svæðisstjóri, sem hafði yfirumsjón með fyrirkomulagi fundar, var Henný Hinz, starfsmaður ASÍ.

Í hópavinnunni voru þrjú þemu rædd, í þremur umferðum. Hver umræða fór þannig fram að þátttakendur byrjuðu á að skrifa tillögur sínar á miða og síðan var rætt um þær. Að lokum var tillögunum forgangsraðað með atkvæðagreiðslu. Efstu fimm atriðum úr hverri umræðu, frá hverjum hóp, var síðan raðað á töflur og greiddu allir þátttakendur atkvæði um allar tillögur sem fram komu.

### Umræðuþemur þrjú voru:

1. umferð: *Launabreytingar - áherslur í næstu samningum*
2. umferð: *Önnur atriði kjarasamninga - áherslur í næstu samningum*
3. umferð: *Sameiginlegar kröfur verkalyðshreyfingarinnar*

Niðurstöður ráðstefnunnar voru bornar undir félagsmenn í viðhorfskönnun þar sem þátttakendur voru beðnir að velja og forgangsraða þremur af 20 atriðum, sem þátttakendur á kjararáðstefnunni vildu leggja áherslu á.



## Vinnustaðafundir og heimsóknir

Vinnustaðafundir eru í flestum tilfellum boðaðir formlega. Þeir eru bæði haldnir á vinnustöðunum og í aðstöðu félagsins að Stórhöfða 25. Formaður og starfsmenn hafa farið á vinnustaði og kynnt starfsemi félagsins og greint frá stöðu mála á vinnu- markaði. Á fundunum verða líflegar umræður um hin ýmsu málefni, auk þess eru málefni vinnustaðarinnar rædd og gengið frá kosningu trúnaðarmanna ef þess þarf. Annar þáttur í tengslum við félagsmenn eru heimsóknir á vinnustaði. Starfsmenn félagsins koma oft við á vinnustöðum og taka menn tali um verkefnastöðu og hvað sé framundan, samskipti milli stjórnenda og starfsmanna o.fl. Þetta eru óformlegir fundir.

## Lífeyrissjóðir félagsmanna VM

VM á fulltrúa í fulltrúaráðum lífeyrissjóða félagsmanna og stjórnar- og varamenn í stjórnunum.

Festir félagsmenn eru í Sameinaða lífeyrissjóðnum og Gildi lífeyrissjóði, auk þess að félagsmenn eru dreifðir í marga lífeyrissjóði um allt land.

### Sameinaði lífeyrissjóðurinn:

- Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM 12 fulltrúa, *Gylfi Ingvarson* situr í aðalstjórn sjóðsins fyrir VM.

### Gildi lífeyrissjóður:

- Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM 4 fulltrúa, *Guðmundur Ragnarsson* situr í aðalstjórn fyrir VM.

### Lífeyrissjóður Vestmannaeyja:

- Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM 1 fulltrúa, *Friðrik Björgvinsson* situr í varastjórn fyrir VM.



## Félagslíf

VM- kaffið er haldið síðasta föstudag í hverjum mánuði frá október til apríl. Sú breyting var gerð í haust að ákveðið var að fá félagsmenn til að sjá um kaffið. Sigfús Jóhannsson hefur tekið að sér að sjá um kaffið í vetur og hefur það gengið mjög vel. Kaffið er vel sótt, en alltaf er pláss fyrir fleiri.

### 1. maí

VM- Félag vélstjóra og málmæknimanna tók þátt í hátíðahöldunum, kröfugöngu og útifundi á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks 1. maí. Að útifundi loknum var boðið upp á kaffiveitingar í Gullhömrum, og var það að venju vel sótt af hálfu félagsmanna.

## Sumarferð eldri félagsmanna VM

### Sögufarð í Borgarfjörð

Þann 24. júní síðastliðinn var lagt af stað kl. 9:00 að morgni í hina árlegu ferð eldri félagsmanna VM. Ekið var um Hvalfjörð og stoppað í Saurbæjarkirkju og hún skoðuð, þaðan lá leiðin upp í Borgarfjörð í nokkurskonar sögufarð um Borgarfjörð. Þar var farið á Landnámssýningu og Egilssýningu þar sem lýst er söguviði og persónum. Skipt var niður í hópa þannig að allir skoðuðu báðar sýningarnar. Að því loknu var snæddur hádegisverður í Landnámsetrinu. Frá Borgarnesi var ekið að Hvanneyri og búvélasafnið skoðað, að því loknu var drukkið kaffi á Hvanneyri. Þaðan var síðan ekið til Reykjavíkur og komið þangað um kl. 18:00, lýst var almennri ánægju með ferðina og þótti hún hafa tekist vel í alla staði.

### Golfmót VM

Golfmót VM var haldið fimmtudaginn 5. ágúst á golfvelli Keili í Hafnarfirði. Það voru samtals 32 sem tóku þátt í mótinu og var að venju endað með því að fá sér gott í gogginn. Mótið var fyrir félagsmenn VM og mátti hver félagsmaður taka með sér einn gest. Golfmót VM hefur fest sig í sessi og er orðinn árlegur viðburður.



## Samstarf VM við félög og samtök

VM leitast við að eiga góð samskipti við önnur félög og samtök. Megináherslan hlýtur alltaf að vera samstarf sem er félagsmönnum til gagns. Starfsmenn í þeim greinum sem VM starfar fyrir geta verið í mismunandi fagfélögum. Samkeppni félaganna um félagsmenn má ekki koma niður á félagsmönnum, réttindum þeirra eða stöðu á vinnumarkaði. Iðnaðar- og tæknimannafélögin þurfa að hafa samstarf um sameiginlegar áherslur hvort sem er í samskiptum, erlendum samskiptum, kjöri trúnaðarmanna á vinnustöðum eða í samskiptum við stjórnvöld.

Þar sem VM er stærsta félagið í vél- og málmæktæknir er það leiðandi á þessu sviði og þarf að hafa frumkvæði. Það er skoðun VM að allir í vél- og málmæktæknir eigi að starfa saman en ekki vera sundraðir út og suður í hinum ýmsu smáeinungum.

Samstarfssamningur VM og FMA á Akureyri er ný leið sem ekki hefur verið farin áður til að sameina krafta félaga í vél- og málmæktæknir.

## Starf VM innan ASÍ

Samstarfið innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ) hefur gengið vel. VM er fulltrúi félaga með beina aðild í miðstjórn ASÍ og í formannahópi þess. Mikið hefur mætt á formannahópi og starfsfólki ASÍ við undirbúning þeirra kjarasamninga sem gera á 2011. Flestir kjarasamningar voru lausir 30. nóvember 2010 og er sá dráttur sem orðið hefur á endurnýjun þeirra óþolandi. Erfiðlega hefur gengið að fá viðsemjendur okkar að samningaborðinu vegna þrýstings SA og LÍÚ um aðkomu að lögum um stjórn fiskveiða. Það er mikið áhyggjuefni að pólitískar deilur hindri gerð kjarasamninga.

Fulltrúar félagsins eru aðalmenn og varamenn í samtals fjórum fastanefndum ASÍ.

Ársfundur ASÍ var haldinn 21. og 22. október 2010 undir slagorðinu Hingað og ekki lengra. Málefni fundarins mörkuðust eðlilega af ástandinu í þjóðfélaginu og hvaða varnir yrðu settar til að verja velferðakerfið. VM átti 17 fulltrúa á ársfundinum. Nokkrar breytingar voru gerðar á lögum ASÍ. Í fyrsta lagi tillaga um að aðild að ASÍ breytist á þann veg að aðild að landssambandi eða staða sem landsfélag verði ekki lengur skilyrði fyrir aðild að ASÍ. Í öðru lagi var lagt til að í stað ársfundar komi æðsta stofnun ASÍ saman á þingum á tveggja ára fresti og að í tengslum við þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarsamtökum ASÍ. Í þriðja lagi var lagt til að fundur formanna aðildarfélaga ASÍ verði formgerður í lögum ASÍ og komi saman milli þinga. Allar þessar tillögur voru samþykktar. Margar ályktanir voru samþykktar þar sem kallað er eftir lausnum vegna afleiðinga efnahagshrunsins. Ályktanirnar og lagabreytingarnar er hægt að nálgast inn á vef. ASÍ

## ASÍ-UL

Á fundi skipulags- og starfsháttarnefndar ASÍ var ákveðið að landssambönd og sameiginleg félög með beina aðild skipuðu 6 fulltrúa ungs launafólks í undirbúningsnefnd til að halda utan um framkvæmd við stofnun ASÍ-UL á þessu ári. Fulltrúi félaga með beina aðild var skipaður Guðni Gunnarsson félagsmaður VM. Guðni fór síðasta sumar sem fulltrúi aðildarfélaga

ASÍ í Genfarskólann sem er fjögurra mánaða félagsmálaskóli á vegum norrænu verkalyðshreyfingarinnar. Skólinn hefur það hlutverk að kynna starfsemi Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar (ILO). Hinn fulltrúi Íslands í skólanum var fulltrúi BSRB.

## Félög með beina aðild að ASÍ

VM er eitt þeirra sex stéttarfélaga sem eru utan landssambanda en með beina aðild að ASÍ. VM hefur leitt innbyrðis samstarf félaganna sem hefur verið með ágætum. Félögin hafa sameiginlegan fulltrúa í miðstjórn ASÍ, sem VM skipar, og skipta með sér fulltrúum í starfsnefndum á vegum heildarsamtakanna og hafa reglulega upplýsingamiðlun sín á milli.

## Samstarfssamningur við Félag Málmæktæknarmanna á Akureyri (FMA)

Þann 30. nóvember s.l. var undirritaður samstarfssamningur milli VM og Félags Málmæktæknarmanna á Akureyri. Í samningnum felst gagnkvæm þjónusta við félagsmenn félaganna og stefna um að auka samstarfið á sviði sameiginlegrar hagsmunagæslu og faglegrar þróunar. FMA tekur að sér rekstur skrifstofu VM á Akureyri og VM þjónustar félagsmenn FMA, sem leita til skrifstofu VM í Reykjavík. Félagsmenn munu svo hafa gagnkvæman aðgang að orlofsaðstöðu félaganna í framtíðinni.

## Sjómannadagsráð

VM hefur lagt áherslu á að auka aðkomu félagsins að Sjómannadagsráði og hafa fulltrúar VM í ráðinu lagt áherslu á að hafin verði vinna í að gera nýja framtíðarsýn fyrir Sjómannadagsráð Reykjavíkur og Hafnafjarðar.

Fulltrúar VM í Sjómannaráði kjósa sér formann sem er talsmaður félagsins inn í sjómannadagsráði. Formaður er Sigurður Ólafsson en hann situr einnig í stjórn Sjómannadagsráð fyrir VM.

## Starfsemi

Sjómannadagsráð á og rekur Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði, Happdrætti DAS, orlofssvæðið að Hraunborgum Grímsnesi, Naustavör ehf. og Laugarásbíó sem leigt er til Kvikmyndahússins ehf.

Jafnframt er Sjómannadagsráð aðili að fulltrúaráði hjúkrunarheimilanna Skjól og Eirar.

Sjómannadagsráð annast hátíðarhöldin á sjómannadaginn í Reykjavík sem aðili að Hátíð hafnsins og gefur út Sjómannadagsblaðið.

## Viðurkenningar á Sjómannadaginn 2010

Tryggingamiðstöðin hf. og VM- Félag vélstjóra og málmæktæknimanna, veitti í átjándá sinni viðurkenningu fyrir fyrirmyndar yfirvélstjórastörf.

Viðurkenninguna hlaut að þessu sinni Bjarni Sveinbjörnsson yfirvélstjóri á Árna Friðrikssyni.

Að venju tilnefndi VM fulltrúa til heiðrunar á sjómannadaginn, Guðfinnur Hólm Pétursson var heiðraður af Sjómannadagsráði 2010.

## Fiskifélag Íslands (FÍ)

Félagið er fyrst og fremst sameiginlegur starfsvettvangur samtaka í sjávarútvegi og hefur það markmið að auka veg og virðingu íslensks sjávarútvegs, efla hag greinarinnar, stuðla að framförum í íslenskum sjávarútvegi og veita stjórnvöldum og öðrum umbeðna þjónustu. Helsta verkefnið sem unnið hefur verið að er merki um vottun sjávarafurða þ.e. staðfesta að fiskur veiddur í landhelginni sé tekinn úr sjálfbærum stofnum og að ráðgjöf og skráning afla uppfylli kröfur um sjálfbæra nýtingu. Umhverfismerkið var tekið í notkun á síðasta ári og eru allmörg fyrirtæki farin að nota það á umbúðir sína. Verkefninu lauk síðan formlega á vegum FÍ með stofnun sjálfseignarstofnunar um merkið Iceland Responsible Fisheries ses. (IRF), sem taka á við rekstri og utnumhaldi vottunarverkefnisins um ábyrgar fiskveiðar Íslendinga. Unnið er að ritun 100 ára sögu FÍ sem koma á út á árinu. Annað merkilegt verkefni er skönnun tímaritsins Ægis frá upphafi fram til ársins 2000 og verður það vistað á raf-rænu formi á vefsíðu timarit.is.

## Kælitæknifélagið

VM er styrktaraðili að Kælitæknifélagi Íslands en tilgangur félagsins er að auka þekkingu á sviði kælitækni, miðla reynslu og auka samvinnu þeirra sem vinna við kælitækni. Kælitæknifélagið bindur miklar vonir við nýja námskrá í kæli- og frystivélavirkjun, sem mun efla gildi og gæði þeirrar greinar. Félagið er í samstarfi við önnur félög á Norðurlöndunum og gefa félögin út eitt sameiginlegt tímarit, ScanRef, um varmafræði, tækni og ýmsar nýjungar auk þess sem ritið birtir auglýsingar um ráðstefnur, nám og námskeið af ýmsu tagi í kælitækni. Félagið heldur nokkra fundi á ári þar sem flutt eru ýmiss erindi er snerta kælibransan.

## Málmsuðufélag Íslands

Málmsuðufélagið er félag áhugamanna, fyrirtækja, og félagsamtaka um þróun málmsuðu og er í samstarfi við önnur slík félög á Norðurlöndum. VM á aðild að Málmsuðufélaginu og leggur því lið á ýmsan hátt m.a. með aðstöðu til fundarhalda, utnumhald á félagsmannaskrá og gagnageymslu. Félagið gengst m. a. fyrir Íslandsmeistarakeppni á ýmsum málmsuðu-aðferðum og tekur einnig þátt í Norðurlandamóti málmsuðumannanna. Félagið hélt nokkra fundi á árinu og eru félagsmenn í VM í stjórn félagsins.

## Samskipti við stjórnvöld

Samskipti VM við stjórnvöld eru með ýmsum hætti. Frá Alþingi berast óskir um umsagnir um þingmál. Þá eru einnig samskipti við hin ýmsu ráðuneyti og undirstofnanir þeirra. Bein samskipti eru að mestu varðandi málefni vélstjóra til sjós. En einnig að hluta til óbein svo sem í gegnum Iðuna vegna menntamála og í gegnum ASÍ og starfsnefndir þess. VM átti frumkvæði að því að fá stjórnvöld til að kaupa tvær björgunarþryllur fyrir Landhelgisgæslu Íslands með fjármögnun frá lífeyrissjóðunum og hafa þeir sýnt jákvæða afstöðu til verkefnisins. Talsverð vinna hefur verið lögð í verkefnið. Þessi kostur er mun ódýrari en að leigja þryllur og íslenska ríkið eignast þær í lok fjármögnunarinnar.

## Umsagnir um atvinnuleyfi

Af hálfu VM voru á árinu 2010 veittar umsagnir um 2 ný atvinnuleyfi vegna sérhæfðra starfa.

Einnig veitti félagið 5 umsagnir til Vinnuástandstofnunar um framlengingu á tímabundnum atvinnuleyfum vegna sérverkefna.

## Nefndir VM vegna sjávarútvegs

VM á fulltrúa í: *Undanþágunefnd, mönnunarnefnd, siglingaráði, úrskurðanefnd sjómanna og útvegsmanna um fiskverð*, verkefnastjórn um *öryggismál sjófarenda*.

VM átti fulltrúa í sáttanefnd um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða, sem lauk störfum á síðasta ári. Fulltrúi VM var einnig skipaður í samningahóp um sjávarútvegsmál í samningaviðræðum Íslands og Evrópusambandsins um aðild Íslands að sambandinu.

## Mönnunarnefnd

Mikil átök hafa verið í mönnunarnefnd vegna þess að eftirlit með skráningu áhafna og útiveru skipa er í lamasessi og þar af leiðandi ekki fylgst með hvort skilyrðum vegna heimilda um frávik frá mönnum er uppfyllt. Útgerðir minni báta sækja mikið um frávik frá mönnum. Grunur liggur á að ástæðurnar séu frekar þær að losna við að greiða aukahlut, en skortur á vélstjórum.

Útgerðirnar sækja það stift að fækka vélstjórum á stærri skipum flotans. VM mun beita öllum ráðum til að stoppa þessa þróun, enda er það mat félagsins að meirihluti mönnunarnefndar hafi ekki farið að lögum í úrskurðum sínum hingað til.

## Undanþágunefnd

Ný reglugerð tók gildi um undanþágur til skipstjórnar- og vélstjórnarstarfa þann 2. desember 2010 og tók hún gildi 1. janúar 2011. Með henni er lögð aukin rannsóknarskylda á undanþágunefnd og ber henni að rannsaka hvert mál og ganga úr skugga um að enginn með tilskilin réttindi fái stöðu. Nýjar starfsreglur undanþágunefndar hafa tekið gildi og þrengja þær mjög veitingu undanþága. Með þeim mun meðal annars falla úr gildi að veittar séu undanþágur til eins mánaðar án auglýsingar. Í öllum tilfellum skal fylgja sönnun þess að starfið hafi verið auglýst í fjölmiðli sem dreift er um allt land og að ekki hafi gengist réttindamaður í starfið.

Umsóknum um undanþágur fyrir vélstjóra voru 734 árið 2007 en 360 árið 2010. Samþykktum undanþágum hefur fækkað á sama tíma úr 685 í 338. Vegna mikilla fækkunar á skipum og stöðugildum í fiskiskipafloatanum er allur samanburður á undanþágum á milli undanfarinna ára mjög erfiður og í raun ekki marktækur.

Á heimasíðu VM er hægt að nálgast ársskýrslur undanþágunefndar.

**Reglugerðir varðandi vélstjóra til sjós**

Gerð hefur verið breyting á reglugerð nr. 175/2008 um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

Í breytingu á reglugerðinni felst að sá sem er með sveinspróf í vélvirkjun getur fengið útgæfið atvinnuskírteini sem smáskipavélavörður á skipum 12 metrar og styttri að skráningarlengd og með vélarafli 750 kW eða minna.

Að loknu viðbótarnámi (RAF103 og 2 af áföngunum; RAF253, VST204 og KÆL122, Véltekniskólanum er heimilt að meta sambærilega áfanga jafngilda) getur sá sem hefur réttindi smáskipavélavörðar öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með minna vélarafli en 750 kW vél og yfirvélstjóri á skipi með 750 kW vél og minni og 24 metrar og styttri að skráningarlengd að loknum 4ra mánaða siglingatíma sem vélavörður.

**Ný lög um lögskráningu**

Þann 1.11.2010 tóku ný lög um lögskráningu gildi. Nýju lögum fylgja þær breytingar helstar að lögskráningin færir til sjálfra útgerðanna og skipstjóra, framvegis verður skylt að lögskrá alla í áhöfn á öllum skipum sem notuð eru í atvinnuskyni. Siglingastofnun Íslands heldur utan um nýja kerfið og sér um lögskráningar þeirra sem þess óska.

**Úrskurður Siglingarstofnunar á skráðu vélarafli**

Fengist hefur niðurstaða í baráttu VM við Siglingarstofnun varðandi skilgreiningu á skráðu framdrifsafli skips. Hefur stofnunin nú úrskurðað 12. apríl 2010 að leggja verður þann skilning í ákvæði reglugerðar nr. 520/2006 og laga nr. 30/2007 að með hugtakinu aðalvél sé átt við vélar sem nota má til að knýja skipið við stöðugt álagsumhverfi. Þessi úrskurður kom eftir átakafund með fulltrúum VM og LÍÚ 8. október 2009.

**Erlent samstarf 2010 - 2011**

**Evrópska Málmíðnaðarsambandið (EMF) og Industri i Norden (IN)**

VM er félagi innan EMF og IN ásamt Samiðn í gegnum sameignarfélagið IIF Industri í Ísland. Tilgangur félagsins er að eiga samstarf um sameiginlega aðild og virkni í Norðurlanda- Evrópu- og alþjóðlegu samstarfi. VM hefur vakt að starfssemi EMF en Samiðn IN og skipta félögin kostnaði. Mikið upplýsingaflæði er í tölvupóstum frá EMF og mjög fróðlegt að fylgjast með þróun mála í okkar nágrannalöndum. VM fór á tvo fundi hjá framkvæmdastjórn EMF, á þessum fundum er aðal umræðuefnið það sama og hér heima mikill samdráttur í öllum atvinnugreinum í Evrópu.

**Alþjóðlega flutningaverkamannasambandið (ITF)**

VM er félag innan ITF og ILO sem er fiskimannadeild þess. VM sendi fulltrúa á þing ITF á árinu sem haldið er á fjöggra ára fresti, að þessu sinni var þingið haldið í Mexíkóborg. Að vanda voru mörg málefni á dagskrá svona stórra alþjóðlegra sam-

taka. Það sem þó stóð upp úr var að fá að kynnast umhverfi stéttarbaráttu t.d. í Suður Ameríku þar sem þeir sem berjast fyrir bættum kjörum þurfa stöðugt að óttast um líf sitt, við að ná því fram að reyna að stofna stéttarfélög og berjast fyrir réttindum sínum. Árni Bjarnason, formaður FFSÍ, sinnir málefnum ITF og er stjórnarmaður í fiskimannadeild ITF, VM hefur fylgst með málum fiskimanna í gegnum Árna á þessum vettvangi, auk þess að mikið af upplýsingum koma frá samtökunum í tölvupósti.

**Norræna Vélstjórasambandið (NMF)**

Tveir fundir hafa verið haldnir hjá NMF, sá fyrri í Þórshöfn 12. apríl 2010 hjá færeyska Maskinmeistarafelaginu, aðeins helmingur landanna náði að mæta til hans vegna þoku. Fulltrúar Færeyja, Íslands og Svíþjóðar mættu.

Síðari fundurinn var haldin hjá VM í Reykjavík 7. október 2010.

Málefni skipaflutningageirans og fiskiskipa voru aðalræðuefnið og í kjölfar efnahagsbakslagsins hefur orðið mikið uppnám í útflöggun flutningaskipa á milli landa á hinum Norðurlöndum. Sem hefur sett réttindi vélstjóra í mikla óvissu. Fulltrúar VM kölluðu eftir fyrirkomulagi á björgunarlaunum hjá strandgæsluskipum hinna Norðurlandabjórðanna auk þess sem reynt var að fá nánari upplýsingar um réttindi íslenskra vélstjóra sem eru skráðir í Færeyjum.

**Fræðslu- og menntamál VM**

Hlutverk VM á sviði menntamála er að efla almenna félagslega og faglega þekkingu og færni félagsmanna og vinna að framgangi og þróun fagnáms vélstjóra, málmíðnaðar- og netagerðarmanna. Námið á að gefa nemendum sem mesta möguleika á vinnumarkaði auk þess sem félagsmenn eiga að hafa aðgang að markvissri endurmenntun. Félagið vinnur að þessum markmiðum með því að reka öflugan fræðslusjóð og taka þátt í starfssemi aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og menntastofnana sem stuðla að þróun grunnnámsins og endurmenntunarinnar. VM á fulltrúa í starfsgreinaráði, stjórn Tækniskólans, fagráði Véltekniskólans, sviðsstjórn IDUNNAR fræðslumiðstöðvar og menntanefnd ASÍ og getur með starfssemi á þessu sviði haft áhrif á menntun og námsframboð fyrir alla félagsmenn.

**Félagsmálafræðsla**

Í nóvember var haldið námskeið um gerð kjarasamninga og samningaferlið. Námskeiðið var ætlað þeim sem komið hafa að gerð kjarasamninga á vegum félagsins og þeim sem áhuga hafa á að starfa á því sviði. Félagsmálaskóli alþjóðu sá um námskeiðið og lögfræðideild ASÍ annaðist kennslu. Kennari var Dalla Ólafsdóttir lögfræðingur hjá ASÍ. Á námskeiðinu var m.a. fjallað um gildi kjarasamninga og kjarasamningaferlið, hlutverk og umboð samninganefnda, skyldur stéttarfélaga, Ríkissáttasemjara og hlutverk hans, afgreiðslu kjarasamninga, atkvæðagreiðslur og fleira.

**Starfsgreinaráð málmækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreina**

Fyrsti fundur hins nýja Starfsgreinaráðs málmækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreina var haldinn þann 24. febrúar 2010. Fulltrúar VM í ráðinu eru Halldór Arnar Guðmundsson og Vignir Eypórssson. Á þessum fyrsta fundi var Vignir kosinn formaður ráðsins og Magnús Þór Ásmundsson (SA) varaformaður. Ákveðið var að ráða Gylfa Einarsson, fyrrv. sviðstjóra Málmteknisviðs IDUNNAR, til að halda utanum rekstur ráðsins. Ráðið fundar í húsakynum VM og hélt 5 fundi á árinu. Ljóst er að starfssemi allra starfsgreinaráða mun fyrsta kastið felast í því að greina leiðir til að koma málum sínum til framkvæmda innan skólakerfisins, því að í nýjum framhaldsskólalögum er margt óljóst varðandi störf ráðanna. Einnig mun niðurskurður í öllu menntakerfi landsins hafa mikil áhrif á störf allra sem starfa að menntamálum, sérstaklega hjá þeim sem fjalla um starfsnám af einhverju tagi.

Að ósk fagráðs Vélstjórnarskóla Tækniskólans kom starfsgreinaráðið af stað vinnu við að meta nám vélvirkja til vélstjórnarréttinda á skip að 24 metrum með allt að 750 kW framdrifsafli. Málinu lauk með útgáfu reglugerðar.

Ráðið hefur unnið að undirbúningi vinnu við gerð lærdómsviðmiða fyrir vél- og málmteknigreinar. Í mars 2009 skipaði Menntamálaráðuneytið starfshóp um gerð lærdómsviðmiða fyrir vélvirkjun, sem einkonar tilraunaverkefni. Starfshópurinn skilaði tillögum til ráðuneytisins í byrjun janúar 2010 og var málið kynnt fyrir Starfsgreinaráði. Eingin viðbrögð hafa komið frá ráðuneytinu.

**Menntanefnd ASÍ**

Hlutverk menntanefndar ASÍ er að hafa frumkvæði að stefnu- mótun ASÍ á sviði menntamála og fylgja eftir samþykktum miðstjórnar. Nefndin vinnur m.a. að málefnum ófaglærðra út frá þeirri sýn að líta skuli á menntakerfið sem eina heild og að tryggja skuli öllum tækifæri til menntunar óháð efnahag, búsetu og félagslegri stöðu. Málefni Félagsmálaskóla alþjóðu (FMA) og Mímis-menntunar eru einnig á könnu nefndarinnar. FMA rekur fræðslu- og útgáfustarfsemi fyrir talsmenn aðildarsamtakana. Mímir starfar á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar, með það að markmiði að bjóða upp á nám fyrir fullorðna, þróa námsleiðir og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar.

Á árinu voru haldnir fimm fundir þar sem m.a. var fjallað um breytingar á fyrirkomulagi félagslegu fræðslunnar vegna niðurskurðar frá framlagi ríkissjóðs. Ákveðið var að færa fræðsluna og utanumhald um hana inn á skrifstofu Menningar- og fræðslusamband alþjóðu (MFA) í Sætúni, þar sem hluti starfanna verða unnin af starfsmönnum ASÍ. Á árinu var gengið frá samkomulagi um aðkomu BSRB, sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þar með var starfssemi FA útvíkkuð og hlutverk FA er nú að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakana.

Fjallað var um Framhaldsfræðslulögin, sem tóku gildi 1. október 2010 og komu til framkvæmda um áramótin. Lögin eru

rammi utanum framhaldsfræðslu og hluti af þeim er ákvæði um fræðslusjóð, sem m.a. tekur yfir styrki Starfsmenntaráðs. Samkomulag er um að Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins verði framkvæmdaraðili með samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Nefndin fjallaði einnig um kennslu- og kynningarefni um verkalyðsfélög og vinnumarkað, fyrir efstu bekkni grunnskóla og hvernig koma mætti framkvæmd raunfærnimats og fyrirkomulagi viðurkenninga erlendra starfsréttinda í fastar skorður.

**Skólamála**

VM á fulltrúa í skólastjórn Tækniskólans - Skóla atvinnulífsins og tvo fulltrúa í einum undirskóla hans, Véltekniskólanum. Fagráðið fundaði þrisvar á árinu og fjallaði m.a. um mat á vélvirkjanámi til vélstjórnarréttinda. Í stjórn og fagráði var nokkuð rætt um aðstæður í rekstri Tækniskólans á niðurskurðartímum, en með skertu fjárframlagi hefur m.a. þurft að minnka umfang ýmissa þjónustubátta. Starfsmenn VM eiga mikil samskipti við kennara og stjórnendur í flestum þeim skólum sem kenna vél- og málmteknigreinar og segja má að aðstæður Tækniskólans eru á engan hátt sérstakar. Mikið reynir á allt menntakerfi landsins vegna niðurskurðar fjárframlaga, auk þess sem sett voru ný lög um framhaldsskólastigið, þar sem greinilegt er að starfsgreinaráðum er ætlað minna hlutverk en áður við mótun starfsnáms en skólum ætlað meira vægi. Allar menntastofnanir á framhaldsskólastigi eru því að reyna að fóta sig í nýju og mjög óvissu umhverfi. Hvað Tækniskólann varðar er það samt svo að við stofnun skólans yfirtóku samtök atvinnurekenda rekstur Sjómannaskólans og Iðnskólans í Reykjavík. Ætla má að markmiðið með yfirtökunni hafi verið að reka starfsmennaskóla betur og af meiri myndarskap en ríkið gerir. Það er ekki að merkja að skólinn eigi bakhjarl í þessum rekstraráðilum og er því óhjákvæmilegt að spyrja til hvers var verið að breyta rekstrarformi skólanna.



**Skólaheimsóknir 2010**

Heimsóknir starfsmanna félagsins í framhaldsskóla er mikilvægur þáttur í kynningarstarfi félagsins. Fulltrúar VM heimsækja reglulega nemendur á fyrsta ári í málm- og vélteknigreinum í verkmenntaskólum. Tilgangur með heimsóknunum er að kynna nemendum hlutverk félagsins og hvernig það kemur að menntun, öryggis- og kjaramálum félagsmanna, ásamt því að fjalla um réttindi þeirra á vinnumarkaði. Þessar heimsóknir hafa verið ánægjulegar og fræðandi fyrir starfsmenn félagsins. Í þessum heimsóknunum eru nemendum afhentir vinnusloppar með merki félagsins.

### Nemar í vél- og málm-tækni og netagerð

Alls bjóða 12 skólar í landinu nám í vélstjórnar, málmíðnum og netagerð.

### Skráðir nemendur í vél- og málm-tækninámi á vorönn

Nemendur á vélstjórnarbrautum eru skráðir á viðkomandi brautir og mismunandi er hve langt þeir eru komnir í náminu.



	Árið 2011	Árið 2010
Vélavardnám	0	9
Vélstjórn A-nám/2.stig	92	96
Vélstjórn B-nám/3.stig	89	75
Vélstjórn C-nám	5	3
Vélstjórn D-nám/4.stig	165	156
Grunndeild málmíðna	227	253
Rennismíði	12	7
Stálmíði	3	6
Vélvirkjun	41	86
Netagerð	4	0
<b>Samtals:</b>	<b>638</b>	<b>691</b>

### Útskrifaðir nemar úr vél- og málm-tæknigreinum:

	Árið 2010	Árið 2009
Vélstjórn vélaverðir	49	46
Vélstjórn A-nám/2.stig	17	34
Vélstjórn B-nám/3.stig	10	32
Vélstjórn 4. stig	37	42
Rennismíði	6	5
Stálmíði	0	2
Vélvirkjun	21	29
Netagerð	0	1
<b>Samtals:</b>	<b>140</b>	<b>191</b>

### Umsóknir um sveinspróf í málm-tæknigreinum og netagerð

Iðan fræðslusetur annast móttöku gagna og skráningu námsamninga og sveinsprófa fyrir málmíðngreinar og netagerð auk margra annara löggiltra iðngreina, einnig ýmsa þjónustu fyrir sveinsprófsnefndir og nemaleyfisnefndir.

Á árinu 2010 bárust alls 118 umsóknir um sveinspróf í málmíðngreinum og netagerð og skiptist þannig eftir iðngreinum:

Iðngrein	Árið 2010		Árið 2009	
	Fjöldi	Sveinar	Fjöldi	Sveinar
Blikksmíði	4	4	9	8
Málmsuða	0	0	0	0
Netagerð	0	0	0	0
Rennismíði	5	4	10	10
Stálmíði	5	1	6	5
Vélvirkjun	104	59	89	53
<b>Samtals:</b>	<b>118</b>	<b>68</b>	<b>114</b>	<b>76</b>

### Námssamningar

Á árinu 2010 hafa um 84 námssamningar verið staðfestir í málmíðngreinum og netagerð.

### Námssamningarnir skiptast þannig eftir iðngreinum:

Iðngrein	Árið 2010	Árið 2009
Blikksmíði	3	3
Málmsuða	0	0
Netagerð	0	0
Rennismíði	4	15
Stálmíði	4	8
Vélvirkjun	73	81
<b>Samtals:</b>	<b>84</b>	<b>107</b>

### Nýsveinar

Til margra ára hefur nýsveinum og mökum þeirra verið boðið til kaffisamsætis við afhendingu sveinsbréfa í samstarfi við Málm, félag fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, og var athöfnin í húskynnum VM við Stórhöfða 25.

Við það tækifæri var sagt frá því helsta í starfsemi félagsins, og viðurkenning veitt fyrir bestan námsárangur.

### Styrkir til útskriftarnema

VM hefur reynt að stuðla að aukinni menntun í vél- og málm-tæknigreinum með því m.a. að benda á mikilvægi þeirra starfa í þjóðfélaginu og nauðsyn þess að fjölga nemum í þeim greinum. Jafnframt hefur VM bent á nauðsyn þess að bæta námsaðstöðu nemenda og kennara í verknámsgreinum og að verknám og bóknám njóti sömu áherslu í skólakerfinu.

Styrkir til nema á útskriftarári í vél- og málm-tæknigreinum eru viðleitni í þá átt. Styrkirnir sem veittir eru, eru tólf og að upphæð 100.000 kr. hver. Dregið er úr innsendum umsóknum.

### Verðlaunaafhending iðnaðarmannafélags Reykjavíkur

Hin árlega verðlaunaafhending til nýsveina á vegum Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur var haldin að vanda í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 5. febrúar s.l. og var þetta í fimmta sinn sem hátíðin var haldin hér á landi, en hún er tekin upp að danski fyrirmynd. Að þessu sinni voru nýsveinarnir 21 sem voru heiðraðir og þar af 3 úr málmíðngreinum.

Sérstök heiðursverðlaun eru veitt til handa Iðnaðarmanni ársins, en það eru verðlaun sem veitt eru þeim iðnaðarmanni sem hefur þótt skara fram úr í iðn sinni bæði er varðar handbragð og sérstöðu. Að þessu sinni hlaut þessa viðurkenningu Dóra Guðbjört Jónsdóttir, gullsmíður.

### Málm- og véltækni- og sviðsfræðsluseturs

VM er aðili að IÐUNNI fræðslusetri, sem hefur það hlutverk að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í iðnaði. VM á fulltrúa í stjórn Fræðslusetursins og tvo fulltrúa í stjórn Málm- og véltækni- og sviðsfræðslusetursins. Sviðið þróar og heldur námskeið sem eru sniðin að þörfum starfsgreinanna. Á síðasta ári fundaði sviðsstjórnin 7 sinnum.

Stjórnin varði nokkrum tíma í að ræða málefni sviðsins eftir að framkvæmdastjóri þess lét af störfum. Auk þess var unnið að stefnumótun IÐUNNAR og málefnum er varða vottun suðumanna og námskeiðahald. Á árinu var keyptur búnaður til að kenna og þjálfa suðu í sýndarveruleika. Með suðukennslu í sýndarveruleika er t.d. hægt að þjálfa suðu í venjulegri kennslustofu því engin ljósbogi og gös myndast. Kostnaður við þjálfun suðumanna með þessum hætti lækkar um 25%. Búnaðinn er hægt að nota til kennslu byrjenda og fyrir þjálfun þeirra sem lengra eru komnir og þurfa að bæta sig og sitt handverk.

Starfsmenn sviðsins unnu að þróun námskeiða um rekstrar-áreiðanleika, loftstýringar, iðntölvur, vökvatækni og stiglausar stýringar auk námskeiðs um kaldsuðu. Starfsmenn sviðsins koma einnig töluvert að raunfærnimati í málmíðngreinum og vélstjórn.

Á árinu hélt Málm- og véltækni- og sviðsfræðslusetur sín um vökvatækni, suðunámskeið, námskeið um tölvustudda hönnun, CNC og rennismíðanámsskeið og um rafmagnsfræði og iðntölvustýringar.

### Sjóðir VM

#### Fræðslusjóður VM

Við stofnun VM var lögð áhersla á að kom á fót öflugum fræðslusjóði sem veitt gæti félagsmönnum rétt til umtalsverðra styrkja til að greiða niður námskostnað þeirra sem vilja sækja sér aukna þekkingu og færni, auk styrkja til líkamsræktar. Allir félagsmenn, sem greitt hafa félagsgjald í 6 mán-

uði, eiga grunnstyrk að upphæð 50.000 kr. Að auki safna þeir réttindum sem nema 20% af greiddu félagsgjaldi liðins árs. Grunnrétturinn ásamt uppsöfnuðum rétti gefur rétt til styrkja sem nema 60% af námskostnaði allt að kr. 80.000. Þá styrki má nýta hvort sem er til fag- eða frístundanáms.

Þeir félagsmenn sem vinnuveitandi greiðir sérstaklega af í fræðslusjóð VM, vegna ákvæða þar um í kjarasamningi eða samkvæmt persónubundnum samningi, eiga rétt á viðbótarstyrk. Miðað er við að greiðslur vinnuveitanda nemi 1% af heildarlaunum starfsmanns. Viðbótarstyrkurinn nemur kr. 35.000 á ári. Ef ekki er sótt um styrk eitt árið getur viðkomandi fengið tvöfalda þá upphæð árið á eftir. Viðbótarstyrkurinn er sérstaklega ætlaður til fagnáms og starfsþróunar. Styrkhæft nám og námskeið eru:

- Fagnám og námskeið. T.d. námskeið IÐUNNAR fræðslumiðstöðvar og Rafiðnaðarskólans.
- Tölvunámskeið, hverju nafni sem þau nefnast.
- Námskeið/ráðstefnur um rekstur og stjórnun.
- Málanámskeið, þ.e. námskeið í erlendum málum og íslenskunámskeið hverskonar.
- Annað nám og námskeið sem metin eru styrkhæf.

Á þremur árum geta allir félagsmenn VM safnað rétti til námsstyrka allt að kr. 80.000 og þeir sem sérstaklega er greitt af í fræðslusjóðinn öðlast viðbótararétt að upphæð kr. 70.000 eða samtals kr. 150.000.

Vegna atvinnuástandsins var reglum fræðslusjóðs VM breytt þannig að grunnréttur þeirra sem verða atvinnulausir og hafa fullnýtt inneign sína verður óskertur. Þeir sem fara í hlutastarf fá sama hlutfall og starfshlutfall þeirra er.

Á árinu var ákveðið að hætta að greiða líkamsræktarstyrki úr fræðslusjóði, en greiða þá í staðinn úr sjúkrasjóði. Árið 2010 fengu 433 félagsmenn VM alls 511 styrki, sem skiptast á eftirfarandi hátt:

NÁM/NÁMSKEIÐ	Árið 2010		Árið 2009	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Fagnámskeið	26	682.791	23	573.550
Landsbjörg	32	1.020.152	39	1.350.447
Framhaldsskólánám	98	2.560.771	106	2.767.935
Háskólánám	44	1.390.694	46	1.664.867
Meirapróf	23	1.153.388	15	845.446
IÐAN fræðslusetur	16	501.072	13	320.292
Tungumálanám	15	217.846	13	548.675
Tölvunám	3	91.866	5	132.455
Líkamsrækt	217	2.955.175	317	4.314.907
Ferðastyrkir	4	77.669	12	219.941
Tómstundanám	33	581.330	56	1.025.319
<b>Samtals:</b>	<b>511</b>	<b>11.232.754</b>	<b>645</b>	<b>13.763.834</b>

### Styrktar og sjúkrasjóður VM

Stjórn sjóðsins er skipuð 5 félagsmönnum, þar af þremur sem kjörnir eru á aðalfundi og einum sem skipaður er af stjórn VM. Skv. lögum félagsins er formaður VM jafnframt formaður sjúkrasjóðs. Í Stjórn sjóðsins eru: Guðmundur Ragnarsson, formaður, Gunnar S. Gunnarsson, Bragi Eyjólfsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, kjörnir á aðalfundi og Sævar Örn Kristjánsson sem skipaður er af stjórn VM.

Stjórn sjúkrasjóðs VM ákvað að hækka alla styrki á árinu um ca. 6%. Einnig var ákveðið að lengja réttindi þeirra sem hætta

störfum vegna aldurs eða örorku og hafa greitt til félagsins í amk 60 mánuði, úr einu ári í þrjú frá síðustu iðgjaldagreiðslu.

Einnig var rætt um tíðni styrks til kaupa á heyrnartækjum í ljósi þess að tækin úreldest hratt og samþykkt var að hafa styrkinn í takt við TR, þ.e.a.s. að styrkur sé veittur til kaupa á heyrnartækjum á 60 mánaða fresti.

Stjórnin tók ákvörðun um það að leyfa félagsmönnum að nota styrki til gleraugnakaupa og stórrar læknisaðgerðar saman vegna laseraðgerðar svo framarlega sem félagsmenn hafi ekki nýtt sér gleraugnastyrk á síðustu þremur árum.

#### Greiðslur úr Styrktar- og sjúkrasjóði 2008-2009-2010

2008	Fjöldi	Upphæð	Meðaltal
Sjúkradagpeningar til félagsmanna	99	79.888.228	806.952
Sjúkraþjálfun	160	2.401.418	15.009
Sjónkler og linsur	105	2.193.694	20.892
Heyrnartæki	18	1.747.612	97.090
Frjósemismæðferð	4	140.369	35.092
Útfararstyrkur	24	4.800.000	200.000
Aðrir styrkir	113	2.875.760	25.449
<b>Samtals:</b>	<b>523</b>	<b>94.047.081</b>	<b>179.822</b>

2009	Fjöldi	Upphæð	Meðaltal
Sjúkradagpeningar til félagsmanna	110	103.938.958	944.900
Sjúkraþjálfun	147	2.443.900	16.625
Sjónkler og linsur	93	2.166.229	23.293
Heyrnartæki	10	1.127.600	112.760
Frjósemismæðferð	7	456.025	65.146
Útfararstyrkur	32	6.500.000	203.125
Aðrir styrkir	117	2.977.287	25.447
<b>Samtals:</b>	<b>516</b>	<b>119.609.999</b>	<b>231.802</b>

2010	Fjöldi	Upphæð	Meðaltal
Sjúkradagpeningar til félagsmanna	83	80.969.834	975.540
Sjúkraþjálfun	169	2.788.369	16.499
Sjónkler og linsur	98	2.702.187	27.573
Heyrnartæki	20	2.080.611	104.031
Frjósemismæðferð	9	744.760	82.751
Útfararstyrkur	39	7.800.000	200.000
Líkamsræktarstyrkur (nýr í sj.sj.haust '10)	84	1.136.510	13.530
Aðrir styrkir	123	3.514.890	28.576
<b>Samtals:</b>	<b>625</b>	<b>101.737.161</b>	<b>162.779</b>



### Virk - Starfsendurhæfingarsjóður

Félagsmenn VM hafa nú aðgang að ráðgjöfum Virk Starfsendurhæfingarsjóð um land allt. Ráðgjafar Virk eru staðsettir hjá stéttarfélagum á viðkomandi svæði.

Starfsemi sjóðsins lofar mjög góðu og margir einstaklingar og félagsmenn VM hafi náð að vinna sig út úr sínum vandamálum eftir að hafa notið leiðbeiningar og ráðgjafar hjá starfsmönnum sjóðsins. Starfsmaður Virk á Stórhöfðanum er Sigrún Sigurðardóttir og hefur samstarfið við hana verið mjög gott. Upplýsingar um aðra ráðgjafa Virk sem félagsmenn VM hafa aðgang að er hægt að sjá á heimasíðu sjóðsins á [www.virk.is](http://www.virk.is)

Eitt af aðalmarkmiðum með stofnun Virk var að hjálpa einstaklingum, sem lent hafa í veikindum eða slysum, á vinnu- markaðinn aftur, með því að horfa á vinnugetu hans frekar en örorku. Það virðist vera að skila sér miðað við að hægt hefur á og/eða fækkað þeim einstaklingum sem þurfa að leita til lífeyrissjóðanna með örorkuframfærslu.

### Styrkir til hjálparamtaka

2010 styrkti VM Fjölskylduhjálp Íslands um 1.200.000 og eins og í fyrra ákvað stjórn VM að styrkja hjálparamtök fyrir jólin, og fengu Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarstofnun kirkjunnar 600.000 kr. hvort.

### Akkur

Árið 2009 skilaði ekki mikilli ávöxtun á sjóði Akks en þó var hægt að veita styrki og úthlutaði stjórnin 4 styrkjum samtals að upphæð kr. 1.540.000. Raunávöxtun ársins 2010 var hins

vega góðu eða um 7,1 millj. kr. Ákveðið var að úthluta úr sjóðnum þeirri raunávöxtun sem leyfilegt er eða um 6 millj.kr. Um-skóknarfrestur um styrki rann út þann 21. febrúar s.l., dagsetning úthlutunar styrkja verður ákveðin síðar. Eins og fram kemur í reikningum sjóðsins er raunstaða hans um síðustu áramót um 171 milljón.

Stjórn Akks skipa Magnús Jóhannesson formaður, meðstjórnendur Helgi Laxdal, Guðmundur Ragnarsson, formaður VM og Páll Magnússon.

### Framtíðin og unga fólk

Til að stéttarfélag, eins og VM, geti orðið öflugt, verða félagsmennirnir að vera meðvitaðir um að styrkur félagsins býr í félagsmönnum sjálfum, að þeir taki þátt í að efla sitt félag og vera stoltir af því. Það er mikið áhyggjuefni hjá VM og öðrum stéttarfélagum hvað illa gengur að fá ungt fólk til að mæta á fundi og sinna ábyrgðarstörfum hjá sínu félagi, reyndar á það við um hinn almenna félagsmann líka. Það sýnir sig nú í þeim mikla samdrætti sem við höfum gengið í gegnum að laun og réttindi sem við höfum og teljum sjálfsögð, geta verið fljót að fara. Núverandi ástand hefur kennt okkur að á öllum tímum þurfum við að vera tilbúin að verja kjörin. Það gerum við ekki nema með öflugum stéttarfélagum, sem geta ekki orðið sterk nema félagsmennirnir leggi sitt af mörkum við að gera þau öflug. Hvetjum unga fólk til að gefa sér tíma til að sinna sínu félagi og standa vörð um sín réttindi. Við þurfum á því að halda að fá sýn unga fólksins betur inn í áherslur félagsins og tengja okkur við þá sem eru með þyngstu byrðarnar, við að stofna heimili og ala upp börnin.

# Lykiltölur úr rekstri VM árið 2010 (birt með fyrirvara)

## Rekstrarreikningur 2010

	VM alls	Félagssjóður	Orlofssjóður	Fræðslusjóður	Sjúkrasjóður
<b>Rekstrartekjur</b>					
Iðgjöld .....	358.150.622	136.603.501	45.473.003	17.044.535	159.029.583
Aðrar tekjur .....	44.878.135	23.949.290	20.928.845		0
	<b>403.028.757</b>	<b>160.552.791</b>	<b>66.401.848</b>	<b>17.044.535</b>	<b>159.029.583</b>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Laun og launatengd gjöld .....	77.999.843	77.999.843			
Almennur rekstrarkostnaður .....	67.544.599	63.342.083		1.199.106	3.003.410
Aðildargjöld til ASÍ og Iðunnar .....	10.855.472	10.855.472			
Þóknun til (frá) öðrum sjóðum .....	0	(30.675.387)	6.820.950		23.854.437
Bætur og styrkir .....	114.133.920			11.232.754	102.901.166
Rekstur orlofshúsa og íbúða .....	47.295.156		47.295.156		
Afskriftir .....	21.040.792	7.078.386	13.131.875		830.531
	<b>338.869.782</b>	<b>128.600.397</b>	<b>67.247.981</b>	<b>12.431.860</b>	<b>130.589.544</b>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>	<b>64.158.975</b>	<b>31.952.394</b>	<b>(846.133)</b>	<b>4.612.675</b>	<b>28.440.039</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>70.532.561</b>	<b>17.333.414</b>	<b>(75.850)</b>	<b>12.296.540</b>	<b>40.978.457</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>134.691.536</b>	<b>49.285.808</b>	<b>(921.983)</b>	<b>16.909.215</b>	<b>69.418.496</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	VM alls	Félagssjóður	Orlofssjóður	Fræðslusjóður	Sjúkrasjóður
<b>Eignir sjóða alls</b>	<b>2.668.833.618</b>	<b>1.647.016.268</b>	<b>181.034.708</b>	<b>186.076.072</b>	<b>654.706.570</b>
<i>Krafa á aðra sjóði</i> .....	(775.893.619)	0	0	(184.980.044)	(590.913.575)
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.892.939.999</b>	<b>1.647.016.268</b>	<b>181.034.708</b>	<b>1.096.028</b>	<b>63.792.995</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>					
<b>Eigið fé</b>					
Vinnudeilusjóður .....	217.454.838	217.454.838			
Akkur, styktar- og menningarsjóður .....	169.537.575	169.537.575			
Minningarsjóður VM .....	2.013.191	2.013.191			
Óráðstafað eigið fé .....	1.470.927.930	603.701.140	29.766.891	186.050.886	651.409.013
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>1.859.933.534</b>	<b>992.706.744</b>	<b>29.766.891</b>	<b>186.050.886</b>	<b>651.409.013</b>
<b>Skuldir sjóða alls</b>	<b>808.900.084</b>	<b>654.309.524</b>	<b>151.267.817</b>	<b>25.186</b>	<b>3.297.557</b>
<i>Skuld við aðra sjóði</i> .....	(775.893.619)	(626.995.272)	(148.898.347)		
<b>Skuldir samtals</b>	<b>33.006.465</b>	<b>27.314.252</b>	<b>2.369.470</b>	<b>25.186</b>	<b>3.297.557</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1.892.939.999</b>	<b>1.647.016.268</b>	<b>181.034.708</b>	<b>186.076.072</b>	<b>654.706.570</b>



# VM krossgátan

	Frístund krossgátublað (c)	PUDRA	SVAML-AR		BORÐI	PYNGD-AR	ÞRIF		TÆRING-IN	VIÐBÆT-URNAR
	SK.ST. SKÓLA		1	BERG-MALA					GAML-INGJA	
				HLÓDIR					LÝSIR ÖGEDI	
	RÓTAR								SAMEIND	
	KENND				KJÖT					
					STYNJA					
	JURTAR						SVELG-UR			
							KROPPI			
	SÖNG-HEITI TONS			UPPHAFS-MANNINN					SK.ST. ÁTTAR	
				HLJÓM-BOTN					HJÁ-KONU	
LÓN			2		GRÍSKUR STAFUR					
Í ÆSKU					ESPA					
		RÆD YFIR	DEMBA	SK.ST. RÍKIS		FLEIRI				VOLD-UGRA
						SNAGINN				
BÆJAR-HEITI				GRAD-UNGUR				GRANDA		
				SENDI-MÆR				MAR		
LÝSIR AÐDÁUN		KYN-FRUMA			SÆGUR			RÖDD		
		ÆVIN-LEGUR			UM-STANG			UMFRAM		
VÆTA				FLÖT					NY-GRÆD-ING	
				SKODUN					MÖGL	
BRÓD-ERNI						MANN-S-NAFN			4	
						GAGN-AST				
MÓT-LÆTIS				GERA ÁVALT				KVAD		BAKKGÍR
				KVEN-GEIT				MJÓLK-UR-MAGN		GLÆPUR
GEYMSLA						KAMÍNA			KNÝJA	
						BINDA			ÓÐAGOTI	
	ROTUNN			KOLEFNIS-DUFT			ENSK EINING			NEFSINS
	ÞRJAR ÁLNIR			FÁLKANN			HEY-KLEGGJA			
UNDRUN					HNJÓÐS				ÓLMUR	
					DVEL				LANG-ÆRI	
Í LOFTI			LYKTAST					SNÍKJU-DÝR		
			LAUGAR					LÝSI		
SÁ FIMMTI		HÖL-BUNGA				TEGUND			STAFINA	5
		GRUNA				HASAR			HIK-HLJÓD	
ÞURR-LENDI	3			SAURGA		6	FRUM-EFNI			UPPHAF-UTAN
				RÓMV. TALA			STEFNA			
SKRIDAN						BANN-HELGI			BLESSUN	
						BEYGJA			ÁTTAR-TAKN	
ÆDINU							ÍLÁTSINS			

Sendu lausnarorðið á skrifstofu VM eða á [vm@vm.is](mailto:vm@vm.is) ásamt nafni og heimilisfangi. Dregið verður úr innsendum lausnum 18. apríl. Í verðlaun er vetrarhelgarleiga í einu af orlofshúsum VM.

# AÐALFUNDUR VM

Verður haldinn 26. mars  
að Grand Hótel í Reykjavík

## Dagskrá

13.00 Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra

- ▶ Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
- ▶ Reikningar félagsins og sjóða
- ▶ Umræður um skýrslu og reikninga
- ▶ Kjör endurskoðenda, E & Y
- ▶ Reglugerða- og lagabreytingar
- ▶ Ákvörðun stjórnarlauna.
- ▶ Kjör í nefndir og stjórnir sjóða
- ▶ Önnur mál

*Boðið verður upp á léttingar veitingar eftir fundinn*



Félag vélstjóra  
og málmæknimanna

*- örugg með okkur*